

# Stjórnartíðindi

## 2004 - B-deild - B58-61

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

***B 58-61***

***Nr. 398-429***

**2004**

## Efnisyfirlit B 58–61 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
398	6. maí	Reglur um Raunvísindastofnun Háskólans .....	1029-1034
399	7. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 157/2001 um húsbréf og húsbréfavíðskipti, með síðari breytingum .....	1035-1036
400	10. maí	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 893/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl. ....	1037
401	10. maí	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum .....	1038-1040
402	10. maí	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum .....	1040-1041
403	10. maí	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti .....	1041-1043
404	11. maí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík .....	1043-1044
405	10. maí	Reglugerð um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn .....	1045-1052
406	4. maí	Samþykkt um búfjárhald í Mýrdalshreppi .....	1052-1054
407	13. maí	Reglugerð um rækjuveiðar á Breiðafirði 2004 .....	1054
408	13. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 234, 8. mars 2004, um humarveiðar .....	1055
409	12. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 271, 17. mars 2004, um veiðar úr úthafskarafastofnum 2004 .....	1055
410	7. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir greiningar á aðskotaefnum í matvælum, nr. 736/2003 .....	1056-1059
411	4. maí	Reglugerð um ýmis aðskotaefni í matvælum .....	1060-1063
412	28. apríl	Skipulagsskrá fyrir CAPE á Íslandi .....	1063-1065
413	11. maí	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi .....	1065
414	3. maí	Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss um breytingu á mörkum sveitarfélaganna .....	1066
415	4. maí	Reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem stunda greiningu á sjúkdómum sem sóttvarmalög taka til .....	1066-1067
416	29. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna nr. 118/1996, sbr. breytingu með reglugerð nr. 207/1998 .....	1067-1068
417	29. apríl	Auglýsing um samþykkt deiliskipulag frístundabygðar í Svínhaga, Rangárþingi ytra .....	1068
418	4. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Ásland 1. áfanga, Setberg íbúðarsvæði, Hvamma íbúðarsvæði, Hörðuvelli Reykdalsreit“ í Hafnarfirði .....	1069
419	5. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi íþrótt- og útivistarsvæðis Árborgar, ásamt ferðapjónustusvæði Gesthúsa í Rauðholti á Selfossi .....	1069

# STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 2004

6. maí 2004

1029

Nr. 398

## REGLUR

### um Raunvísindastofnun Háskólans.

#### 1. gr.

##### *Almennt.*

Raunvísindastofnun Háskólans (RH) er vettvangur rannsókna í raunvísindum við Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir raunvísindadeild eins og nánar er kveðið á um í reglum þessum.

#### 2. gr.

##### *Hlutverk.*

Hlutverk Raunvísindastofnunar og stofnana sem hún samanstendur af, er að stunda grunnrannsóknir í raunvísindum.

Ennfremur skal stofnunin eftir föngum:

- a. stuðla að hagnýtingu nýjunga á fræðasviðum stofnunarinnar,
- b. veita kennurum og framhaldsnemum rannsóknaraðstöðu á sviðum stofnunarinnar,
- c. veita sérfræðiaðstoð, ráðgjöf og annast fræðslustarfsemi, en þessi verkefni eru unnin gegn greiðslu eftir því sem við á,
- d. taka virkan þátt í rannsóknasamstarfi á norrænum og öðrum alþjóðlegum vettvangi.

Þá skal Raunvísindastofnun veita nemendum í framhaldsnámi sem þar hafa rannsóknaraðstöðu hjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum eftir því sem unnt er, en um önnur kennslustörf sérfræðinga stofnunarinnar fer samkvæmt samningum við háskóladeildir.

#### 3. gr.

##### *Stjórnskipulag.*

Raunvísindastofnun Háskólans samanstendur af tveimur faglega sjálfstæðum stofnunum:

1. Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun Háskólans (EH)
2. Jarðvísindastofnun Háskólans (JH)

Stjórn Raunvísindastofnunar er heimilt, með samþykki raunvísindadeildar, að ákveða aðra skiptingu í stofnanir. Í starfsreglum um stofnanir er nánar kveðið á um skipulag starfseminnar og að hve miklu leyti heimildir skv. þessum reglum eru nýttar, m.a. um stofuskiptingu, hlutverk funda innan stjórnunareininga o.fl.



Heimilt er í þessum starfsreglum að kveða á um skipan verkefnanefnda sem hafi hlutverk við stjórn hverrar stofnunar.

Um stjórn Jarðvísindastofnunar gildir að hún skal skipuð fimm mönnum til fjögurra ára í senn. Þrír skulu kjörnir af stofnunarfundi Jarðvísindastofnunar, einn skipaður af verkefnanefnd Norræna eldfjallasetursins og einn skipaður af deildarforseta raunvísindadeildar og skal sá vera viðurkenndur jarðvísindamaður, starfandi á alþjóðavettvangi utan Norðurlanda.

Í starfsreglum skal kveðið nánar á um skipan stjórna einstakra stofnana.

Starfsreglur stofnunar skulu hljóta staðfestingu stjórnar Raunvísindastofnunar. Þá staðfestir stjórn Raunvísindastofnunar skipurit fyrir starfseminum, þar sem stjórnunareiningar eru tilgreindar og kveðið er á um hvaða stofnun starfsmenn skv. b- og d-lið 11. gr. tilheyri.

#### 4. gr.

##### *Rannsókn- og skrifstofuaðstaða.*

Raunvísindastofnun veitir starfsliði sínu, sbr. 11. gr., aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er. Til aðstöðu teljast skrifstofur og búnaður þeirra, rannsóknarstofur, mælitæki og áhöld og efni sem notuð eru til mælinga og gagnasöfnunar á rannsóknarstofum og við útvinnu svo og vinnuástaða styrkþega og nemenda í framhaldsnámi.

Heimilt er að veita kennurum við aðrar deildir rannsóknaaðstöðu við Raunvísindastofnun, enda starfi þeir á einhverju af fagsviðum stofnunarinnar.

#### 5. gr.

##### *Stjórn RH.*

Stjórn Raunvísindastofnunar er skipuð stjórnarformanni, varaformanni stjórnar, formönnum stjórna stofnana skv. 3. og 13. gr. og fulltrúa starfsmanna. Formaður og varaformaður stjórnar skulu vera úr hópi starfsmanna skv. a- eða b-lið 11. gr.

Formaður stjórnar, varaformaður og fulltrúi starfsmanna eru kjörnir í skriflegri kosningu í janúar til fjögurra ára í senn af þeim hópum starfsmanna sem greinir í liðum a-d í 11. gr.

Stjórnarskipti fara fram 1. júlí á því ári sem kjör stjórnarmanna hefur farið fram.

Stjórn Raunvísindastofnunar skiptir að öðru leyti með sér verkum.

#### 6. gr.

##### *Verkefni stjórnar RH og stjórna stofnana hennar.*

Stjórn Raunvísindastofnunar hefur yfirsýn yfir starfsemi stofnunarinnar í heild og fjármál og annast rekstur sameiginlegrar skrifstofu undir stjórn framkvæmdastjóra.

Stjórnir stofnana innan Raunvísindastofnunar semja rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir sína stofnun. Stjórn Raunvísindastofnunar ber ábyrgð á fjárhagsáætlun og uppgjöri gagnvart deild og háskólaráði. Stjórn Raunvísindastofnunar ákveður skiptingu fjárveitinga í samræmi við vilja þeirra sem leggja starfseminni til fé, sbr. 14. gr. og staðfestir reikninga liðins árs.

Stjórn Raunvísindastofnunar ráðstafar húsnæði því sem hún hefur til afnota til stofnana og sameiginlegra þarfa. Áætlanir um húsnæðisþörf og rannsóknaraðstöðu vegna starfsemi stofnunarinnar skulu lagðar fyrir raunvísindadeild.

Stjórn Raunvísindastofnunar gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnir stofnana innan Raunvísindastofnunar bera undir stofnanafundi ráðningu sérfræðinga skv. b-lið 11. gr.

Stjórn Raunvísindastofnunar staðfestir nánari starfsreglur um stofnanafundi og önnur atriði sem varða einstakar stofnanir innan Raunvísindastofnunar.

Stjórn Raunvísindastofnunar stendur að útgáfu ársskýrslu stofnunarinnar.

## 7. gr.

*Fundir stjórnar Raunvísindastofnunar.*

Formaður stjórnar Raunvísindastofnunar boðar stjórnarfundi bréfllega, eða í tölvupósti, með minnst þriggja daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundar. Formaður stýrir stjórnarfundum.

Skylt er að boða stjórnarfund óski einn eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti raunvísindadeildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta raunvísindadeildar. Fundargerðir skulu aðgengilegar öllum starfsmönnum stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri er ritari stjórnar.

## 8. gr.

*Stofnanafundir.*

Stofnanafundir skulu haldnir innan stofnana Raunvísindastofnunar. Forstöðumaður eða formaður stjórnar boðar til stofnanafundar sinnar stofnunar, bréfllega eða í tölvupósti með minnst sjö daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundar. Formaður stjórnar stýrir stofnanarfundum.

Skylt er að boða til fundar ef formaður stjórnar RH eða þriðjungur þeirra, sem rétt eiga til fundarsetu, æskir þess. Rétt til setu á stofnunarfundum eiga starfsmenn skv. a- til d-lið 11. gr. Öllum sem setu eiga á stofnunarfundum er skylt að sækja fundina.

Stofnunarfundur er ályktunarbær ef helmingur atkvæðisbærra manna sækir fund.

Að fenginni umfjöllun stofnunarfundar um ráðningu sérfræðinga skv. b-lið 11. gr. gerir stjórnin tillögu til rektors um veitingu starfsins, í samræmi við reglur sem raunvísindadeild hefur samþykkt.

Starfsmenn skv. a- til d-lið 11. gr. eru atkvæðisbærir í öllum málum, þó þannig að einungis starfsmenn skv. a- og b-lið 11. gr. eru atkvæðisbærir um mál er varða ráðningu starfsmanna.

Stjórnarformenn stofnana innan Raunvísindastofnunar skulu leggja allar meiriháttar breytingar á stefnu í rannsóknum undir stofnunarfundum.

Stofnunarfundur fjallar um rannsóknir, meiriháttar tækjakaup og starfsaðstöðu.

Fundargerðir skulu aðgengilegar öllum þeim sem sæti eiga á stofnunarfundum.

## 9. gr.

*Stofufundir.*

Heimilt er í starfsreglum stofnunar skv. 3. gr. að kveða á um stofuskiptingu hennar. Ef stofnun er skipt í stofur skal halda stofufundi skv. ákvæðum þessarar greinar.

Stofustjóri boðar stofufund bréfllega eða í tölvupósti með minnst þriggja daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundar. Rétt til setu á stofufundi eiga starfsmenn viðkomandi stofu skv. a- til d-lið 11. gr. Stofustjóri stýrir stofufundi. Stofufundur er ályktunarbær ef meirihluti atkvæðisbærra manna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti.

Skylt er að boða til stofufundar ef þriðjungur þeirra, sem rétt eiga til fundarsetu, æskir þess.

Stofufundur er æðsta vald í sameiginlegum málum hvernar stofu öðrum en fjármálum, sbr. 14. gr. Þó skal stofufundur staðfesta skiptingu fjárveitingar stjórnar að fenginni tillögu stofustjóra.

Stofufundur fjallar um rannsóknir, meiriháttar tækjakaup og starfsaðstöðu. Fundargerðir skulu aðgengilegar öllum þeim sem sæti eiga á stofufundi.

10. gr.

*Starfsmannafundur Raunvísindastofnunar.*

Formaður stjórnar Raunvísindastofnunar boðar til starfsmannafundar með minnst sjö daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundar. Formaður stjórnar stýrir starfsmannafundum.

Skýlt er að boða til fundar ef forseti raunvísindadeildar, rektor eða þriðjungur þeirra, sem rétt eiga til fundarsetu, æskir þess. Rétt til setu á starfsmannafundi eiga allir starfsmenn stofnunarinnar. Starfsmenn skv. a- til d-lið 11. gr. hafa atkvæðisrétt en starfsmenn skv. e- og f-lið 11. gr. málfrelsi og tillögurétt án atkvæðisréttar. Starfsmannafundur er ályktunarbær ef meirihluti atkvæðisbærra manna sækir fund.

Starfsmannafundir eru vettvangur stjórnarinnar til þess að kynna störf sín. Starfsmannafundir fjalla um sameiginleg málefni stofnunarinnar og gera tillögur til stjórnar um meðferð sameiginlegra málefna.

Fundargerðir skulu aðgengilegar öllum starfsmönnum stofnunarinnar.

11. gr.

*Starfslið.*

Starfslið Raunvísindastofnunar er:

- a. Kennarar við Háskóla Íslands sem veitt er rannsóknnaaðstaða á stofnuninni.
- b. Sérfræðingar sem ráðnir eru til sjálfstæðra rannsókna.
- c. Háskólamenntaðir rannsóknamenn sem lúta verkefnisstjórum við rannsóknastörf, svo og þeir sem hafa rannsóknastöðustyrki.
- d. Annað starfslið, þar á meðal tæknimenntaðir starfsmenn og starfslið á skrifstofu.
- e. Skammtímaráðið starfslið, þar á meðal stúdentar í sumarvinnu eða framhaldsnámi.
- f. Einstaklingar sem stofustjóri eða forstöðumaður veitir starfsaðstöðu um takmarkaðan tíma.

Um ráðningu starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fyrir Háskóla Íslands, fer stjórn Raunvísindastofnunar með ráðningarmálið. Stjórnin getur í þeim tilvikum framselt ráðningarvaldið til stofnana Raunvísindastofnunar.

12. gr.

*Stofustjórar, deildarstjórar og verkefnisstjórar.*

Sé stofnun skv. 3. gr. skipt í rannsóknastofur skal stofustjóri vera fyrir hverri þeirra. Stofustjóri sem ásamt varamanni er kjörinn til fjögurra ára í senn úr hópi starfsmanna á viðkomandi stofu skv. a- eða b-lið 11. gr. Kjörtímabil stofustjóra er frá 1. júlí á því ári sem hann er kjörinn til 30. júní að fjórum árum liðnum. Kosning skal vera skrifleg og skal henni lokað fyrir 1. febrúar á því ári sem kjörtímabil fráfarandi stofustjóra rennur út. Reynist atkvæði hafa fallið jöfn á tvo eða fleiri af þeim sem í kjöri eru og fengið hafa flest atkvæði, skal hlutkesti ráða niðurstöðu kosningar.

Sé stofu skipt í deildir skal deildarstjóri kjörinn ásamt varamanni á sama hátt.

Varamenn taka við störfum stofustjóra og deildarstjóra í forföllum.

Stofustjóri hefur eftirlit með fjármálum stofu sinnar og er ábyrgur gagnvart stjórn stofnunarinnar í starfi sínu.

Starfsmenn skv. a- og b-lið 11. gr. eru verkefnisstjórar. Þeir bera faglega ábyrgð á verkfnum sínum og fjárhagslega ábyrgð gagnvart forstöðumanni stofnunar eða stofustjóra við-

komandi stofu, sé stofnun skipt með þeim hætti. Verkefnisstjórar skulu eftir því sem við á gera skriflegan samning við verkkaupa þar sem verkið er skilgreint og greiðsluáætlun kemur fram.

Óski verkefnaráðinn starfsmaður skv. c-lið 11. gr. eftir því að sækja um styrk til sjálfstæðra rannsóknna með aðstöðu á stofnuninni, skal hann afla samþykkis stofustjóra eða forstöðumanns fyrir því.

### 13. gr.

#### *Forstöðumenn og framkvæmdastjóri.*

Forstöðumenn stofnana innan Raunvísindastofnunar skulu ráðnir á grundvelli hæfnismats skv. III. kafla reglna nr. 458/2000. Skulu þeir sem ráðnir eru til þeirra starfa vera virtir vísindamenn með umfangsmikla stjórnunarreynslu.

Um hlutverk og störf forstöðumanna gilda að öðru leyti ákvæði sameiginlegra reglna H.Í.

Stjórn Raunvísindastofnunar ræður framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórinn veitir sameiginlegri skrifstofu Raunvísindastofnunar forstöðu og sér um daglegan rekstur sameiginlegra mála.

Stjórn Raunvísindastofnunar setur framkvæmdastjóra erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórninni í starfi sínu.

### 14. gr.

#### *Fjármál og reikningshald.*

Tekjur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá Háskóla Íslands skv. ákvörðun háskólaráðs,
- b. framlag frá raunvísindadeild,
- c. fjárveitingar, framlög úr ríkissjóði og styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. aðrar tekjur eða gjafir.

Reikningshald Raunvísindastofnunar er sjálfstætt. Afrit fjárhagsáætlunar skal sent deildarforseta raunvísindadeildar auk ársreiknings sem einnig skal kynntur háskólaráði.

Veiti Raunvísindastofnun þjónustu í frjálstri samkeppni við atvinnustarfsemi annarra aðila skal sú starfsemi stofnunarinnar afmörkuð frá öðrum rekstri. Gæta ber að þeim ákvæðum samkeppnislaga sem banna niðurgreiðslu samkeppnisrekstrar með opinberu fé.

Stjórn Raunvísindastofnunar ákveður bókhalds-, stjórnunar- og aðstöðugjald til stofnunarinnar af sértekjum, innan ramma sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

### 15. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 1014/2001, um Raunvísindastofnun Háskólans.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Gildi þessa bráðabirgðaákvæðis er háð samningi Háskóla Íslands (vegna Raunvísindastofnunar) og Norrænu ráðherranefndarinnar um samruna Norrænu eldfjallastöðvarinnar og jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar.

Innan viku frá því að samningur Háskólans og Norrænu ráðherranefndarinnar er undirritaður skal stjórn RH skipa bráðabirgðastjórnir fyrir Jarðvísindastofnun og Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun samkvæmt því sem segir í liðum I. – III.

## I.

Bráðabirgðastjórn Jarðvísindastofnunar skal skipuð sex aðalmönnum, einum tilnefndum af rektor og er sá formaður stjórnar, einum kjörnum af deildarráði raunvísindadeildar, einum kjörnum af stjórn Norrænu eldfjallastöðvarinnar og þremur sem kjörnir eru af sameiginlegum fundi starfsmanna Norrænu eldfjallastöðvarinnar og starfsmanna jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar. Varamenn kjörinna fulltrúa skulu kjörnir með sama hætti. Við undirbúning að kjöri fulltrúa í bráðabirgðastjórn skal tekið tillit til jafnvægis milli þeirra hópa starfsmanna sem sameinast innan hinnar nýju stofnunar.

Atkvæðisrétt á sameiginlegum starfsmannafundi hafa allir starfsmenn utan þeir sem nefndir eru í e- og f-lið 11. gr. Atkvæði skulu greidd skriflega og í tveimur umferðum.

## II.

Bráðabirgðastjórn Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnunar skal skipuð fráfarandi stofustjórum eðlisfræðistofu, efnafræðistofu, lífefnafræðistofu, reiknifræðistofu og stærðfræðistofu Raunvísindastofnunar.

## III.

Verkefni bráðabirgðastjórna eru eftirfarandi:

- a) Að undirbúa, í samráði við stjórn RH og einstaka stofustjóra, að starfsemi Raunvísindastofnunar verði skipt upp innan nýrra sjálfstæðra stofnana sem taki til starfa 1. júlí 2004.
- b) Að útbúa tillögu að starfsreglum fyrir nýjar stofnanir sem lagðar verða fram til staðfestingar stjórnar RH.
- c) Að undirbúa, eftir því sem við á, ráðningu forstöðumanns og skipan verkefnanefnda.
- d) Að halda stofnanafundi og leggja tillögur fyrir slíka fundi, m.a. um ráðningu starfsfólks, sbr. 5. mgr. 6. gr. reglna þessara.

Umboð bráðabirgðastjórnanna rennur út er fyrstu stjórnir stofnananna hafa verið kjörnir í samræmi við 3. gr. reglna þessara um Raunvísindastofnun og ákvæði starfsreglna sem bráðabirgðastjórnir leggja fram til staðfestingar stjórnar RH. Kjörið skal fara fram innan árs frá því að stofnanirnar taka til starfa. Um störf bráðabirgðastjórna gilda almennar reglur Háskólans eftir því sem við á.

Formaður, varaformaður og fulltrúi starfsmanna í stjórn RH skulu kjörnir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. er kjörtímabil núverandi formanns og fulltrúa starfsmanna rennur út í lok júní 2006. Skipunartími núverandi varamanns fulltrúa starfsmanna og varaformanns framlengist til sama tíma, en umboð stofustjóra til setu í stjórn RH rennur út er formenn stjórna Jarðvísindastofnunar og Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnunar hafa verið valdir í samræmi við starfsreglur um þessar stofnanir.

*Háskóla Íslands, 6. maí 2004.*

**Páll Skúlason.**

---

*Þórður Kristinsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 157/2001 um húsbref og húsbrefaviðskipti, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

VII. kafli reglugerðarinnar, sem fær fyrirsögnina **Útgáfa fasteignaveðbréfa vegna viðauka og til endurbóta**, orðast svo:

#### a. (22. gr.)

##### *Endurbætur og viðaukar.*

Húsbrefadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefin eru út vegna viðauka við íbúð hvort sem um er að ræða nýbyggingu við íbúð, hluta af húsi sem keyptur er og bætt við íbúð eða bílskúr sem keyptur er eða byggður. Viðaukinn skal falla undir skráningu íbúðarinnar í fasteigna- og brunabótamati og samkvæmt veðmálabókum.

Húsbrefadeild kaupir einnig fasteignaveðbréf sem gefin eru út vegna endurbóta á íbúðarhúsnæði þar sem a.m.k. 15 ár eru liðin frá foheldi eignarinnar eða til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði.

#### b. (23. gr.)

##### *Skilyrði afgreiðslu.*

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfum fyrir húsbref fyrir en framkvæmdum samkvæmt 22. gr. er lokið.

Íbúðareigandi skal leggja fram staðfestingu frá byggingarfulltrúa eða arkitekts-, tækni- fræði- eða verkfræðistofu um umfang framkvæmda, eðli hennar og verklok eða kaupsamning ef um kaup er að ræða.

Íbúðalánasjóður getur kallað eftir frekari staðfestingu skv. 2. mgr. eða óskað eftir því að íbúðareigandi leggi fram verðmat löggilts fasteignasala um markaðsverð íbúðarinnar eftir breytingar eða viðauka.

#### c. (24. gr.)

##### *Hámarksfjárhæð.*

Fjárhæð fasteignaveðbréfs getur numið allt að 65% af kaupverði, samþykktum byggingarkostnaði eða samþykktri kostnaðaráætlun, sbr. 1. mgr. 29. gr., en ekki er þó skipt á fasteignaveðbréfi sem nemur lægri fjárhæð en 570.000 kr.

Fasteignaveðbréf ásamt öllum uppfærðum lánnum sem á undan hvíla skal rúmast innan við 65% af matsverði íbúðarinnar, sbr. þó 3. mgr. 23. gr., og skerðist ef það er umfram 85% af brunabótamati íbúðarinnar.

Fjárhæð fasteignaveðbréfs og uppreiknaðra áhvílandi fasteignaveðbréfa má samanlagt ekki nema hærri fjárhæð en 12.000.000 kr.

Lánstími fasteignaveðbréfs getur verið allt að 25 ár.

Þegar ekki er um kaup að ræða skal fasteignaveðbréf gefið út af íbúðareiganda á Íbúðalánasjóð. Áður en skipt er á fasteignaveðbréfi fyrir húsbref skal því þinglýst.

#### d. (25. gr.)

##### *Synjun láns.*

Íbúðalánasjóður synjar um skuldabréfaskipti ef íbúðareigandi hefur ekki lagt fram tilskilin gögn, þrátt fyrir leiðbeiningar, eða framkvæmd er án tilskilinna leyfa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og reglugerðum eða öðrum lögum. Sama gildir ef framkvæmd fell-

ur ekki að öðru leyti að heimildum og skilyrðum þessa kafla eða vafi er um að veðtrygging samkvæmt þinglýstu fasteignaveðbréfi taki til framkvæmdanna.

2. gr.

1. mgr. 29. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingum, orðist svo:

Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar. Matsverð nýrrar íbúðar er samþykktur byggingarkostnaður hennar eða kaupverð. Matsverð viðauka og endurbóta er samþykkt kostnaðaráætlun eða samþykktur byggingarkostnaður. Sá hluti af matsverði sem lánað er til, sbr. 19. gr., 21. gr., 24. gr. og 25. gr. reglugerðar þessarar skal, ásamt uppfærðum áhvílandi lánum sem á undan hvíla, rúmast innan við 85% af brunabótamati íbúðar.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr., 29. gr. og 50. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 7. maí 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Óskar Páll Óskarsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 2004

10. maí 2004

1037

Nr. 400

## REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 893/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.07.04 - 31.12.04	2.500	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.07.04 - 31.12.04	125.000	30	0

2. gr.

Ný 4. gr. orðist svo:

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2004 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*



# REGLUGERÐ

## um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Tollnúmer: Kjötvörur úr vörulíð 1602:</b>		86.000		
1602.1001 Blönduð matv. meira en 60% af kjöti	01.07.04 - 30.06.05	-	0	92
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.07.04 - 30.06.05	-	0	92
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	01.07.04 - 30.06.05	-	0	129
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.04 - 30.06.05	-	0	129
1602.2019 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.04 - 30.06.05	-	0	129
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.04 - 30.06.05	-	0	78
1602.2029 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	26
1602.3101 Úr kalkúnnum meira en 60%	01.07.04 - 30.06.05	-	0	224
1602.3102 Úr kalkúnnum meira en 20% til og með 60%	01.07.04 - 30.06.05	-	0	224
1602.3109 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	01.07.04 - 30.06.05	-	0	224
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.04 - 30.06.05	-	0	224
1602.3209 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	115
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.04 - 30.06.05	-	0	224
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.04 - 30.06.05	-	0	224
1602.3909 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	115
1602.4101 Úr svínnum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.04 - 30.06.05	-	0	576
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.04 - 30.06.05	-	0	343
1602.4109 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.04 - 30.06.05	-	0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.04 - 30.06.05	-	0	247
1602.4209 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	83
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.04 - 30.06.05	-	0	511

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.04 - 30.06.05	-	0	307
1602.4909 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.04 - 30.06.05	-	0	400
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.04 - 30.06.05	-	0	304
1602.5009 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	102
1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.04 - 30.06.05	-	0	442
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.04 - 30.06.05	-	0	265
1602.9019 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	89
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.04 - 30.06.05	-	0	442
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.04 - 30.06.05	-	0	265
1602.9029 Annað	01.07.04 - 30.06.05	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

### 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.20XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.3XXX	16.600 kg
vöruliðir	1602.4XXX	13.200 kg
vöruliðir	1602.50XX	4.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	3.400 kg

### 5. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2004 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

## 6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr. og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2005.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>a)</b>					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.04 - 30.06.05	53.000	0	220
<b>b)</b>	<i>Ostur og ystingur:</i>		119.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.04 - 30.06.05		0	156
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.04 - 30.06.05		0	156
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.04 - 30.06.05		0	117
0406.4000	Gráðostur	01.07.04 - 30.06.05		0	179
0406.9000	Annar ostur	01.07.04 - 30.06.05		0	175

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

## 4. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2004 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildir og gildir til 1. júlí 2005.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Tollnúmer:</b>	<b>Nautgripkjöt - vöruliðir 0202 og 0210:</b>		95.000		
0202.3xxx	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst -	01.07.04 - 30.06.05		0	547
<b>Tollnúmer:</b>	<b>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, þurrkað eða reykt:</b>				
0210.2001	Beinlaust	01.07.04 - 30.06.05		0	333
<b>Tollnúmer:</b>	<b>Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:</b>		64.000		
0203.29xx	Svínakjöt, fryst:	01.07.04 - 30.06.05		0	443
<b>Úr tollnr.:</b>	<b>Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:</b>				
0210.1200	Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.04 - 30.06.05		0	317
<b>Tollnúmer:</b>	<b>Reykt - beinlaust</b>				
0210.1901		01.07.04 - 30.06.05		0	360
<b>Úr tollnr.:</b>	<b>Annars - beinlaust</b>				
0210.1909		01.07.04 - 30.06.05		0	360
<b>Tollnúmer:</b>	<b>Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:</b>		59.000		
<b>Úr tollnr.:</b>	<b>Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:</b>				
0207.1xxx	Af hænsnum, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	163
<b>Úr tollnr.:</b>	<b>Af kalkúnnum:</b>				
0207.2xxx	Af kalkúnnum, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	224
<b>Úr tollnr.:</b>	<b>Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:</b>				
0207.3xxx	Af öndum, gæsum eða perluhænsnum, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	224
<b>Tollnúmer:</b>	<b>Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:</b>		9.000		
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	515
0208.9008	Hreindýrakjöt með beini, fryst	01.07.04 - 30.06.05		0	515
<b>Tollnúmer:</b>	<b>Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, fryst</b>		6.000		
0208.9001	Dúfur	01.07.04 - 30.06.05		0	547
0208.9002	Fasanar	01.07.04 - 30.06.05		0	547
0208.9003	Dádýr	01.07.04 - 30.06.05		0	547
<b>Úr tollnr.:</b>	<b>Annars - Lynghænur og strútar, fryst</b>				
0208.9009		01.07.04 - 30.06.05		0	547

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

## 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar. Tilboð skulu ráða úthlutun.

## 5. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2004 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

## 6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2005.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

*Norðlingaholt, Rauðavað.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 21. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt, lóðir við Rauðavað.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Þverholt 7.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 21. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.241.0 hvað varðar lóðina Þverholt 7.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Vatnagarðar 6 og 8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 21. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Vatnagarða 6 og 8. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 11. maí 2004.*

**Helga Bragadóttir** skipulagsfulltrúi.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 2004

10. maí 2004

1045

Nr. 405

## REGLUGERÐ

### um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn.

#### I. KAFLI

##### Gildissvið og skilgreiningar.

###### 1. gr.

###### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um náttúrulegt ölkelduvatn (mineral water) og átappað lindarvatn (spring water). Ákvæði hennar ná þó ekki til náttúrulegs ölkelduvats og átappaðs lindarvats sem er ætlað til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins og vatns sem er skilgreint sem lyf samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 65/65/EBE. Náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn og eftirlit með því skal jafnframt uppfylla ákvæði reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

###### 2. gr.

###### *Skilgreiningar.*

*Átappað lindarvatn* er lindarvatn sem leitt skal í sérleiðslu frá uppsprettustað til átöppunarhúsnæðis.

*Írennslissvæði* er svæði þar sem vatn rennur niður til gunnvats.

*Lindarvatn* er vatn sem berst sjálfrennandi upp á yfirborð jarðar.

*Náttúrulegt ölkelduvatn* er vatn sem á upptök sín neðanjarðar og kemur frá einni eða fleiri náttúrulegum uppsprettum og hefur séreinkenni og stöðugleika hvað varðar eðlisfræðilega eiginleika, svo sem hitastig og sýrustig, og innihald uppleystra steinefna, snefilefna og kolsýru.

#### II. KAFLI

##### Leyfi og skilyrði fyrir hagnýtingu og dreifingu náttúrulegs ölkelduvats.

###### 3. gr.

###### *Leyfi.*

Hver sá er hyggst hagnýta náttúrulegt ölkelduvatn til dreifingar þarf til þess leyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd skal áður en leyfi er veitt leita umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort skilyrðum 4. gr. reglugerðar þessarar sé fullnægt. Heilbrigðisnefnd skal auglýsa veitt leyfi í Lögbirtingablaði.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. gildir að hámarki í fimm ár. Ef leyfi er endurnýjað áður en gildistími þess er liðinn þarf ekki að leggja fram að nýju gögn sem krafa er gerð um sam-



kvæmt reglugerð þessari. Eftirlitsaðili skal hafa fullan aðgang að gögnum úr innra eftirliti leyfishafa til að fylgjast með stöðugleika og gæðum vatnsins.

Umhverfisstofnun getur viðurkennt náttúrulegt ölkelduvatn sem flutt er inn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins að því tilskildu að lögbær yfirvöld í útflutningsríkinu staðfesti skriflega að þær kröfur sem fram koma í reglugerð þessari hafi verið uppfylltar. Slík viðurkenning gildir að hámarki í fimm ár.

#### 4. gr.

##### *Skilyrði.*

Hagnýting á náttúrulegu ölkelduvatni er eingöngu heimil ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt af hálfu umsóknaraðila og vatnið samræmist þeim skilyrðum sem hér koma fram:

1. Fyrir mat á jarð- og vatnsfræðilegum þáttum skal leggja fram:
  - a. Nákvæma staðsetningu írennslissvæðis (catchment) og hæð yfir sjávarmáli, skráð á landakort á kvarða ekki stærri en 1:1000;
  - b. greinargerð um jarðfræði, uppruna og eðli landsvæðisins;
  - c. lýsingu á vatnafræði og jarðlögum;
  - d. lýsingu á írennslissvæðinu og virkni þess;
  - e. afmörkun svæðisins eða lýsingu á öðrum aðgerðum sem vernda uppsprettuna/borholuna gegn mengun.
2. Kanna skal eftirfarandi eðlis- og efnafræðilega þætti:
  - a. Rennslis hraða vatnsins;
  - b. hitastig vatnsins við upptöku og hitastig umhverfisins;
  - c. sambandið milli eðlis landsvæðisins og eðlis og gerðar vatnsins;
  - d. leifar þurrefnis við 180°C og 260°C;
  - e. rafleiðni eða viðnám (tilgreina skal hitastig);
  - f. sýrustig (pH);
  - g. styrk anjóna og katjóna;
  - h. styrk ójónaðra efna;
  - i. styrk snefilefna;
  - j. þar sem við á, styrk ísótópa súrefnis ( $O^{16}$ - $O^{18}$ ) og vetnis ( $H^1$ - $H^3$ ) í vatninu.
3. Örverufræðilegir þættir sem ekki skulu finnast við rannsókn á vatninu:
  - a. Sníkjudýr og sýklar;
  - b. *Escherichia coli* og aðrir kólígerlar í 250 ml;
  - c. saurkokkar í 250 ml;
  - d. grómyndandi loftfælnar súlfítafoxandi örverur í 50 ml;
  - e. *Pseudomonas aeruginosa* í 250 ml.
4. Frá og með 1. janúar 2006 skal efnainnihald ekki fara yfir þau hámarksgildi sem greint er frá í viðauka 2 að undanskyldum gildum fyrir flúoríð og nikkell sem ekki skulu fara yfir hámarksgildi í viðauka 2 eftir 1. janúar 2008. Umhverfisstofnun er þó heimilt að setja lægra gildi fyrir níturat og nítírit að því tilskyldu að sama hámarksgildi gildi fyrir allt náttúrulegt ölkelduvatn.

### III. KAFLI

#### **Meðhöndlun.**

#### 5. gr.

##### *Meðhöndlun vegna örvera.*

Óheimilt er að sóttthreinsa náttúrulegt ölkelduvatn og/eða átappað lindarvatn eða meðhöndla það á annan hátt sem gæti haft áhrif á líftölu þess, að undanskildum ákvæðum 6. gr. Líftala örvera þ.e. fjöldi kolóníumyndandi eininga, í vatninu á upptökustað, skal vera í sam-

ræmi við náttúrulega líftölu vatnsins og vera næg sönnun þess að upptökin séu varin gegn allri mengun. Líftala skal ákvarðast með ræktun við 20-22°C í 72 klst. og við 37°C ± 1°C í 48 klst.

Á upptökustað skal miðað við að líftalan fari ekki yfir 20 í ml eftir 72 klst. við 20-22°C og 5 í ml eftir 48 klst. við 37°C. Eftir átöppun er óheimilt að þessi gildi fari yfir 100 í ml eftir 72 klst. ræktun við 20-22°C og 20 í ml eftir 48 klst. ræktun við 37°C ± 1°C. Líftalan skal mæld innan 12 klst. frá átöppun og skal halda vatninu við 4°C ± 1°C á þessu 12 klst. tímabili. Við upptök og í neytendaumbúðum skal vatnið jafnframt uppfylla skilyrði 3. tölul. 4. gr.

#### 6. gr.

##### *Meðhöndlun vegna efnainnihalds.*

Ávallt skal meðhöndla náttúrulegt ölkelduvatn og/eða átappað lindarvatn í upprunalegu ástandi á eftirfarandi hátt og að því tilskildu að meðhöndlun samkvæmt 1., 2. og 3. tl. hafi ekki áhrif á samsetningu vatnsins hvað varðar þau undirstöðuefni sem gefa því séreiginleika:

1. Með síun eða fellingu til að fjarlægja óstöðug efni þess svo sem járn og brennisteins-sambönd, mögulega að undangenginni súrefnisbindingu.
2. Með því að fjarlægja óæskileg efni og efnasambönd önnur en þau sem tilgreind eru í 1. tl. og 3. mgr. þessarar greinar.
3. Með eðlisfræðilegum aðferðum til eyðingar óbundins koltvísýrings, algjörlega eða að hluta.
4. Með því að bæta koltvísýringi í vatnið ef það er gert í samræmi við skilgreiningar á freyðandi náttúrulegu ölkelduvatni eða freyðandi lindarvatni, sbr. 9. gr.

Þegar ákvörðun er tekin um meðhöndlun samkvæmt 2. tl. skal hún tilkynnt viðkomandi heilbrigðiseftirliti og skal lúta sérstöku eftirliti þess.

Þá er óheimilt að meðhöndla náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn í upprunalegu ástandi með ósonauðguðu lofti til að fjarlægja járn-, mangan- og súlfúrsambönd og arsen nema að því tilskildu að meðhöndlunin hafi ekki áhrif á samsetningu vatnsins hvað varðar þau undirstöðuefni sem gefa því séreiginleika, að vatnið uppfylli skilyrði um örverufræðileg gæði og að ekki verði eftir leifar af ósoni í vatninu umfram það hámarksgildi sem fram kemur í viðauka 4.

Þegar ákvörðun er tekin um meðhöndlun með ósonauðguðu lofti skal hún tilkynnt heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og skal lúta sérstöku eftirliti þess þar sem gengið er úr skugga um að:

- a. Innihald af járn-, mangan-, súlfúrsamböndum og arseni gefi tilefni til slíkrar meðferðar;
- b. framleiðandi tryggi öryggi við meðhöndlunina og að hún skili árangri. Þá skal framleiðandi heimila að eftirlitsaðili fái að ganga úr skugga um að svo sé.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir notkun náttúrulegs ölkelduvatns eða átappaðs lindarvatns við framleiðslu svaladrykkja.

#### 7. gr.

##### *Leiðbeiningar vegna hagnýtingar.*

Umhverfistofnun gefur út leiðbeiningar um hagnýtingu og markaðssetningu náttúrulegs ölkelduvatns og átappaðs lindarvatns og þau skilyrði sem slíkt vatn þarf að uppfylla, svo sem kröfur um örveru- og efnarannsóknir og stöðugleika í efnasamsetningu.

#### IV. KAFLI

### Umbúðir og merkingar.

8. gr.

*Umbúðir.*

Umbúðir skulu vera þannig gerðar að þær komi í veg fyrir að vatnið spillist með einhverjum hætti.

9. gr.

*Heiti og vörulýsingar.*

Heiti eða vörulýsing átappaðs lindarvatns skal vera „Átappað lindarvatn“ eða „Lindarvatn“.

Heiti eða vörulýsing freyðandi ölkelduvatns skal vera: „Náttúrulega kolsýrt ölkelduvatn“, „Náttúrulegt ölkelduvatn bætt kolsýru frá upptökustað“ eða „Kolsýrt náttúrulegt ölkelduvatn“, sbr. eftirfarandi skilgreiningar:

1. „Náttúrulega kolsýrt ölkelduvatn“ merkir náttúrulegt ölkelduvatn sem inniheldur sama koltvísýringismagn við átöppun og það gerði við upptök að undangenginni fellingu ef við á. Með fyrirvara um leyfileg tæknileg viðmiðunarmörk er heimilt að bæta í vatnið jafnmiklum koltvísýringi frá upptökustað og þeim sem tapaðist við vinnslu.
2. „Náttúrulegt ölkelduvatn bætt kolsýru frá upptökustað“ merkir náttúrulegt ölkelduvatn sem við átöppun inniheldur koltvísýring sem fenginn er frá upptökustað vatnsins.
3. „Kolsýrt náttúrulegt ölkelduvatn“ eða „Kolsýrt lindarvatn“ merkir náttúrulegt ölkelduvatn eða lindarvatn bætt koltvísýringi sem ekki er fenginn frá upptökustað.

Hafi vatnið verið meðhöndlað eins og um getur í 3. mgr. 6. gr. skal bæta við heitið eða vörulýsinguna: „Afkolsýrt“ eða „Afkolsýrt að hluta“.

Þegar uppspretta eða borhola er nýtt til hagnýtingar og markaðssetningar á náttúrulegu ölkelduvatni er óheimilt að nota fleiri en eina vörulýsingu fyrir vatn úr þeirri uppsprettu eða borholu. Með vörulýsingu er átt við ákvæði 9. gr.

10. gr.

*Umbúðamerkingar.*

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðamerkingum:

1. Upplýsingar um samsetningu náttúrulegs ölkelduvatns samkvæmt efnagreiningu þar sem einkennandi efnisþættir eru tilgreindir.
2. Heiti svæðis þar sem náttúrulegt ölkelduvatn eða átappað lindarvatn er tekið og heiti upptökustaðar. Heiti svæðis getur verið hluti af heiti vörunnar eða nánari vörulýsingu, sbr. 9. gr., ef heitið er ekki á nokkurn hátt villandi um uppruna vörunnar.
3. Upplýsingar um hvort náttúrulegt ölkelduvatn eða átappað lindarvatn hefur verið meðhöndlað eins og um getur í 2. tl. eða 3. mgr. 6. gr.

Heimilt er að sérmerkja umbúðir náttúrulegs ölkelduvatns með þeim upplýsingum sem fram koma í viðauka 1 með reglugerð þessari, þegar tryggt er að viðeigandi skilyrðum um þær sé fullnægt.

Innihaldi náttúrulegt ölkelduvatn flúoríð í meira magni en 1,5 mg/l skal það koma fram á umbúðum með merkingunni: „Inniheldur meira en 1,5 mg/l af flúoríði. Ekki ætlað til reglulegrar neyslu fyrir börn undir 7 ára aldri“. Merkingin skal koma fram með skýrum stöfum nálægt vörumerki.

Hafi náttúrulegt ölkelduvatn eða átappað lindarvatn verið meðhöndlað með ósonauðgufu lofti skal það koma fram á umbúðum með merkingunni: „Samkvæmt leyfi var vatnið

meðhöndlað með ósonauðguðu lofti“. Merkingin skal koma fram með skýrum stöfum nálægt vörumerki.

## V. KAFLI

### Eftirlit.

#### 11. gr.

##### *Eftirlit.*

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar nema annað sé ákvarðað skv. lögum eða reglugerðum.

Tryggt skal að reglubundið eftirlit sé haft með þeim búnaði sem notaður er við hagnýtingu og markaðssetningu á náttúrulegu ölkelduvatni og átöppuðu lindarvatni og skal hann uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Búnaður sem notaður er verður að vera þannig að hann spilli ekki vatninu og tryggi að eiginleikar þess við upptöku varðveitist.
2. Vernda skal uppsprettuna/borholuna gegn mengun.
3. Leiðslur, geymar og annar búnaður verður að vera úr efni sem hæfir vatninu og er þannig hannaður að komið verði í veg fyrir efna-, eðlis- og örverufræðilegar breytingar á vatninu.
4. Aðstæður við vinnslu, sérstaklega þvotta- og átöppunarhúsnæði, skulu samrýmast almennum kröfum um hollustuhætti. Sérstaklega verður að gæta þess að ílát og umbúðir séu þannig gerð og meðhöndluð að örveru- og efnafræðilegir eiginleikar vatnsins breytist ekki.
5. Bannað er að flytja náttúrulegt ölkelduvatn og/eða átappað lindarvatn í öðrum ílátum en þeim sem ætluð eru til dreifingar til neytenda.

#### 12. gr.

##### *Viðbrögð við mengun.*

Komi í ljós mengun náttúrulegs ölkelduvatns og/eða átappaðs lindarvatns við vinnslu eða að vatnið uppfyllir ekki lengur ákvæði 5. gr., skal stöðva átöppun þegar í stað og ekki hefja hana að nýju fyrr en mengunin er upprætt og/eða sýnt þykir að vatnið uppfyllir örverufræðileg skilyrði samkvæmt 4. og 5. gr. Sömu starfsaðferðir skulu viðhafðar ef gallar koma fram við skynmat.

Hafi eftirlitsaðili gilda ástæðu til að ætla að ölkelduvatn, sem þegar er komið á markað, fullnægi ekki ákvæðum þessarar reglugerðar eða að neysla þess geti stofnað heilsu almennings í hættu, er honum heimilt að banna eða takmarka sölu vatnsins tímabundið.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði og gildistaka.

#### 13. gr.

##### *Þvingunarúrræði.*

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt 30. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

#### 14. gr.

##### *Viðurlög.*

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

15. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2003/40/EB sem vísað er til í 26. tl. XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um ölkelduvatn, nr. 390/1995, með síðari breytingum.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. maí 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigrún Ágústsdóttir.*

## VIÐAUKI 1

**Sérmerking umbúða fyrir náttúrulegt ölkelduvatn.**

<b>Merking</b>	<b>Skilyrði</b>
Steinefnasnautt	Ekki meira en 50 mg/l
Lítið magn steinefna	Ekki meira en 500 mg/l
Steinefnaríkt	Meira en 1500 mg/l
Inniheldur bíkarbónat	Meira en 600 mg/l
Inniheldur sulfat	Meira en 200 mg/l
Inniheldur klóríð	Meira en 200 mg/l
Inniheldur kalk	Meira en 150 mg/l
Inniheldur magnesíum	Meira en 50 mg/l
Inniheldur flúoríð	Meira en 1 mg/l
Inniheldur járn	Meira en 1 mg/l
Súrt (kolsýrt)	Óbundinn koltvísýringur yfir 250 mg/l
Inniheldur natríum	Meira en 200 mg/l
Má nota í natríumskert fæði	Natríum minna en 20 mg/l

## VIÐAUKI 2

Efni sem eru náttúrulega í ölkelduvatni og átöppuðu lindarvatni og það hámarks magn sem leyfilegt er án þess að hætta sé á að efni valdi heilsutjóni.

Efni	Hámarksgildi (mg/l)
Antímon	0,0050
Arsen	0,010 (heildarmagn)
Baríum	1,0
Blý	0,010
Bór	*
Flúoríð	5,0
Kadmín	0,003
Kopar	1,0
Króm	0,050
Kvikasilfur	0,0010
Mangan	0,50
Nikkel	0,020
Nítrat	50
Nítrít	0,1
Selen	0,010
Sýaníð	0,070

\* Hámarksgildi fyrir bór verður sett ef nauðsyn krefur fyrir 1. janúar 2006 og þá samkvæmt álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

## VIÐAUKI 3

Rannsóknþættir sem gæðakröfur\* eru tilgreindar fyrir.

Efni	Samkvæmi sem hlutfall af mæligildi <sup>1</sup>	Nákvæmi sem hlutfall af mæligildi <sup>2</sup>	Greiningarmörk sem hlutfall af mæligildi <sup>3</sup>	Athugasemdir
Antímon	25	25	25	
Arsen	10	10	10	
Baríum	25	25	25	
Blý	10	10	10	
Bór				Sjá viðauka 2
Flúoríð	10	10	10	
Kadmíum	10	10	10	
Kopar	10	10	10	
Króm	10	10	10	
Kvikasilfur	20	10	20	
Mangan	10	10	10	
Nikkel	10	10	10	
Nítrat	10	10	10	
Nítrít	10	10	10	
Selen	10	10	10	
Sýaníð	10	10	10	Sjá athugasemd 4.

\* Gerðar eru þær kröfur til greiningaraðferða, sem notaðar eru til að mæla ofangreinda rannsóknæðtti, að unnt sé að minnsta kosti að mæla styrk sem er jafnhár hámarksgildi með tilgreindri samkvæmni (accuracy), nákvæmni (precision) og greiningarmörkum. Niðurstöðurnar skulu settar fram með a.m.k. sama fjölda aukastafa og hámarksgildið í viðauka 2 án tillits til næmi greiningaraðferðarinnar sem notuð er.

- Athugasemd 1. Samkvæmni er sú kerfisbundna skekkja sem er munur á meðaltali margra endurtekinnna mælinga og raunverulegu mæligildi.
- Athugasemd 2. Nákvæmni er sú slembiskekking sem er gefin upp sem staðalfrávik (innan lotu og milli lotna) í dreifingu niðurstaðna í kringum meðaltal. Viðunandi nákvæmni er tvisvar sinnum hlutfallslegt staðalfrávik.
- Athugasemd 3. Greiningarmörk eru annaðhvort:
- þrisvar sinnum hlutfallslegt staðalfrávik innan lotu fyrir sýni með lágan styrk viðkomandi mæligildis eða
  - fimm sinnum hlutfallslegt staðalfrávik innan lotu fyrir núllsýni.
- Athugasemd 4. Með greiningaraðferðinni skal vera hægt að greina heildarsýnið í öllum þess myndum.

#### VIÐAUKI 4

### Hámarksgildi fyrir leifar af efnum í náttúrulegu ölkelduvatni og lindarvatni eftir meðhöndlun með ósonauðguðu lofti.

Efnaleifar vegna meðhöndlunar	Hámarksgildi* µg/l
Uppleyst óson	50
Brómöt	3
Brómoform	1

\* Sýni tekin á pökkunarstað til að fylgjast með því að ekki sé farið yfir hámarksgildi.

## SAMPYKKT

### um búfjárhald í Mýrdalshreppi.

#### 1. gr.

#### *Markmið og gildissvið.*

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Mýrdalshreppi, koma í veg fyrir ágang á lóðir íbúanna og vernda gróður í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn getur falið landbúnaðarnefnd framkvæmd málaflokksins.

#### 2. gr.

#### *Takmörkun á búfjárhaldi og leyfisveitingar.*

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, kanína, geitfjár og alifugla) er óheimilt utan lögbýla í Mýrdalshreppi án leyfis sveitarstjórnar. Sá sem stunda vill búfjárhald utan lögbýla sbr. 2. gr., skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjár sem halda skal, aðbúnaði og öðru, sem máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu.

Telji sveitarstjórn að umsækjandi uppfylli skilyrði skv. 3. gr., veitir hún leyfi til búfjárhalds. Leyfisveiting búfjárhalds skuldbindur þó ekki Mýrdalshrepp til að sjá búfjáreigend-

um fyrir beitilandi, hagagöngu eða slægjum handa búfé né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhalds.

Leyfi til búfjárhalds er veitt til ákveðins tíma en er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miða við 15. júní ár hvert. Samþykkið er háð gildandi lögum og reglum um búfjárhald eins og þær eru á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann að öllu leyti ábyrgð á því.

Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á búfé, skal hann sviptur leyfi til búfjárhalds.

### 3. gr.

#### *Skilyrði til búfjárhalds.*

Eigandi búfjár skal hafa fyrir það hús sem samræmist gildandi reglugerðum um aðbúnað búfjár eða annars góðum búskaparháttum að mati sveitarstjórnar. Sama gildir um allt umhverfi húsanna.

Eigandi búfjár skal hafa fyrir það beitiland og fóður og tryggja góða meðferð þess.

Gangi búfé úti á vetrarþeir, skal eigandi eða umráðamaður þess ábyrgjast nægilegt fóður, viðunandi skjól og örugga vörslu.

Byggingar gripahúsa eru einungis leyfðar á svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í sveitarfélaginu utan bújarða og svæða sem eru ætluð til búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar sveitarstjórn ákveður slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endurbyggja.

### 4. gr.

#### *Auðkenning og merking búfjár.*

Búfjáreigendum er skylt að merkja allan fénað, hvort sem um er að ræða sauðfé, hross, nautgripi o.s.frv. samkvæmt reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkningum búfjár nr. 200/1998, með breytingum nr. 30/2000 og 221/2002 og reglugerð um merkningu búfjár nr. 463/2003.

### 5. gr.

#### *Varsla búfjár, þar með bann við lausagöngu og ákvæði um beitilönd.*

Lausaganga búfjár er bönnuð á eftirtöldum svæðum:

- Innan skógræktar- og landgræðslusvæðis umhverfis þéttbýlið í Vík. Svæðið afmarkast af austurbrúnum Reynisfjalls að Fremra-Grafarhöfði, þaðan um girðingu austur um Lindarhóla og upp í Hrafnatinda. Frá Hrafnatindum með vestur- og suðurbrúnum Víkurheiðar að Uxafótarlæk og með Uxafótarlæk allt til sjávar.
- Innan veggirðingar með hringvegi (1) frá Vík að sýslumörkum við Jökulsárlón á Sólheimasandi.

Umráðamaður lands skal fyrir 15. júní á hverju vori framvísa til sveitarstjórnar umsögn búnaðarsambands um að vörslulína sé fullnægjandi.

Komist búfé inn á friðað svæði skal umráðamaður lands ábyrgjast handsömun þess og koma því í örugga vörslu í samræmi við 9. gr. búfjárhaldslaga. Enn fremur geta þeir sem fyrir ágangi verða, látið handsama ágangsfénað og skulu þeir tilkynna sveitarstjóra um hann tafarlaust.

Búfjáreigendum er heimilt að reka búfé sitt um friðuð svæði sbr. 1. mgr. 5. gr. með leyfi umráðamanns lands enda, sé ávallt tryggt að hæfilegur fjöldi gæslumanna sé til staðar til að tryggja að búfé sleppi ekki úr vörslu eigenda búfjárins.

Þar sem reka þarf búfé yfir veg til beitar með reglubundnum hætti, skal veghaldari sjá til þess að tilhlýðilegar merkingar séu til staðar, vegfarendum til aðvörunar.



Sveitarstjórn heldur skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins, sem leigð eru til beitar og/eða slægna. Umsóknir um land til beitar eða slægna, skal senda til sveitarstjóra sem úthlutar landi samkvæmt tillögu landbúnaðarnefndar.

Einstaklingar og félög búfjáreigenda, sem hafa lönd í eigu sveitarfélagsins á leigu til beitar eða slægna, skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, meðal annars með árlegri áburðargjöf. Í leigusamningi fyrir beiti- og slægjulönd eru tilgreindar umgengnisreglur um landið.

6. gr.

*Viðurlög við brotum gegn samþykktinni.*

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála skv. 18. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, með síðari breytingum.

7. gr.

*Samþykkt og gildistaka.*

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 4. maí 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

Nr. 407

13. maí 2004

## REGLUGERÐ

### um rækjuveiðar á Breiðafirði 2004.

1. gr.

Á tímabilinu 15. maí til 20. júní 2004, er skipum sem eru 105 brl. að stærð eða minni og skráð eru frá höfnum á norðanverðu Snæfellsnesi og gerð þaðan út heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði, sunnan 65°10'N og utan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita. Við veiðar á þessu svæði skal varpa skipanna búinn seiðaskilju, sbr. reglugerð nr. 304 3. maí 1999. Afli sem fenginn er við þessar veiðar reiknast til úthafs-rækjuaflla skipsins.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. maí 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 234, 8. mars 2004, um humarveiðar.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 4. gr. bætist ný mgr. sem orðast svo: Sé notuð tveggja belgja humarvarpa skal tveimur ferhyrndum netstykkijunum hnýttum á legg komið fyrir í hvorum belg vörpunnar sömu stærðar og þau fest eins og kveðið er á um í 1. mgr. Þó skal aftara innra horn fremri netstykkianna festa ekki fjær miðleisi en nemur 40 möskvum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. maí 2004.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eypórsson.*

12. maí 2004

Nr. 409

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 271, 17. mars 2004,  
um veiðar úr úthafskarfastofnum 2004.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Stundi skip veiðar með flotvörpu á svæðum, sem skilgreind eru í 1.-2. mgr. þessarar greinar, reiknast allur karfaafli skipsins til aflamarks skipsins í úthafskarfa samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. maí 1996, um fiskveiðar utan lögsögu og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn veiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. maí 2004.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir greiningar á aðskotaefnum í matvælum, nr. 736/2003.

#### 1. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóðar svo:

Aðferðir við sýnatöku og aðra meðhöndlun sýna fyrir mælingar á varnarefnaleifum í og á ávöxtum, grænmeti og dýraafurðum skulu vera í samræmi við B hluta í viðauka með reglugerð þessari. Sýnataka vegna eftirlits með sveppaeitri í matvælum skal framkvæmd í samræmi við ákvæði í D, E, F, G, J og K hluta í viðauka. Greining skal framkvæmd með þeirri aðferð sem þar kemur fram eða annarri aðferð sem telst sambærileg.

#### 2. gr.

1. mgr. A-hluta viðauka hljóðar svo:

Sýni til opinbers eftirlits með hámarki varnarefnaleifa, aflatoksíns, okratoksíns A, patúlíns, blýs, kadmíns, kvikasilfurs, 3-MCPD, díoxíns og PCB-efna í matvælum skulu tekin samkvæmt aðferðum sem lýst er í viðauka þessum.

Vöru/safn- og rannsóknarsýni tekin á þann hátt skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueininguna. Opinber eftirlitsaðili skal taka sýnin.

#### 3. gr.

Við viðauka bætist eftirfarandi J-hluti:

#### J-hluti

### Sýnatökur vegna mælinga á patúlíni í matvælum.

#### 1. Almenn ákvæði.

*Undirbúningur safnsýna.*

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum. Safnsýni skal vera a.m.k. 1 kg nema það sé óframkvæmanlegt, t.d. þegar ein eining er tekin.

*Samhliða sýni.*

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða, verslunarverndar eða úrskurðarmála úr rannsóknasýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi sem það stangast ekki á við reglur um sýnatökur.

*Pökkun og flutningur á sýnum.*

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining sé auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

## 2. Sýnatökur.

Sýnatökuaðferðin, sem notuð er, skal tryggja að safnsýnið sé dæmigert fyrir framleiðslueininguna sem verið er að athuga.

### *Fjöldi hlutasýna.*

Safnsýnið skal vera minnst 1 kg nema slíkt sé ekki gerlegt, t.d. þegar ein eining er tekinn. Lágmarksfjöldi hlutasýna, sem taka á úr framleiðslueiningu, er tilgreindur í töflu J-1. Þegar um er að ræða vörur í fljótandi formi skal blanda framleiðslueininguna eins vandlega og unnt er, annaðhvort handvirkt eða vélvirkt, rétt áður en sýni er tekið og er þá hægt að gera ráð fyrir einsleitri dreifingu patúlíns í framleiðslueiningunni. Það nægir því að taka þrjú hlutasýni úr framleiðslueiningu til að mynda safnsýni.

Hlutasýnin skulu vera af svipaðri þyngd. Hlutasýni skal vega minnst 100 grömm og safnsýni minnst 1 kg. Sé ekki farið eftir þessari aðferð verður að færa það í skrána sem kveðið er á um í lið 1.

**Tafla J-1**  
**Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu.**

Þyngd framleiðslueiningar (í kg)	Lágmarksfjöldi hlutasýna
< 50	3
50 til 500	5
> 500	10

Í töflu J-2 er tilgreindur fjöldi þeirra eininga sem þarf í safnsýnið þegar framleiðslueiningin samanstendur af einstökum einingum.

**Tafla J-2**  
**Fjöldi eininga (hlutasýni) sem þarf í safnsýnið þegar framleiðslueining samanstendur af einstökum einingum.**

Fjöldi eininga í framleiðslueiningu	Fjöldi eininga sem þarf
1 til 25	1 eining
26 til 100	u.þ.b. 5%, a.m.k. 2 einingar
> 100	u.þ.b. 5%, a.m.k. 10 einingar

## 3. Samræmi framleiðslueiningar eða framleiðsluhluta við forskriftir.

Rannsóknarstofan skal greina rannsóknarsýnið tvisvar ef niðurstöður fyrstu greiningar eru innan við 20% undir eða yfir hámarksgildum og reikna skal meðaltal niðurstaðna.

Framleiðslueining er samþykkt ef niðurstöður fyrstu greiningar eru meira en 20% yfir hámarksgildum eða ef meðalgildi úr tvöfaldri greiningu (sbr. 1. mgr.), að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir endurheimt, fer ekki yfir hámarksgildi sem mælt er fyrir um í reglugerð um ýmis aðskotaefni í matvælum.

4. gr.

Við viðauka bætist eftirfarandi K-hluti:

**K-hluti****Undirbúningur sýna og viðmiðanir vegna greiningaraðferða sem notaðar eru við opinbert eftirlit á styrk patúlíns í matvælum.****1. Almenn ákvæði.***Varúðarráðstafanir.*

Þar eð vera kann að dreifing patúlíns í matvælum sé ekki einsleit þer að undirbúa sýni með mikilli varfærni, einkum þegar þau eru gerð einsleit. Nota þer allt efni, sem rannsóknarstofan tekur á móti, við undirbúning sýnis.

*Meðhöndlun sýnisins við móttöku á rannsóknarstofu.*

Hvert sýni er fín malað, að svo miklu leyti sem þörf er á og blandað vandlega saman með aðferð sem sannað þykir að tryggji fullkomna einsleitni.

*Frekari skipting sýna með tilliti til fullnustuákvæða eða verslunarverndar.*

Endurtökusýni vegna fullnustuákvæða, verslunarverndar eða ágreiningsmála skal tekið úr einsleita sýninu svo fremi að það stangast ekki á við reglur um sýnatöku.

**2. Greiningaraðferð, sem nota þer á rannsóknarstofu, og kröfur um eftirlit á rannsóknarstofu við mælingar á patúlíni.***Skilgreiningar.*

Nokkrar af helstu skilgreiningum, sem rannsóknarstofa þarf að styðjast við, eru eftirfarandi:

- $r =$  Endurtekningarnákvæmni (repeatability) er það gildi sem er stærra en tölugildi mismunar tveggja stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði (það er sama sýni, sami starfsmaður, sami tækjabúnaður, sama rannsóknarstofa og á skömmum tíma), og vænta má að liggji innan tiltekinna líkinda (venjulega 95%), og því er  $r = 2,8 \times s_r$ .
- $s_r =$  Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði.
- $RSD_r =$  Hlutfallslegt staðalfrávik er reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði  $[(s_r / \bar{x}) \times 100]$ , þar sem  $\bar{x}$  er meðaltal niðurstaðna fyrir allar rannsóknarstofur og öll sýni.
- $R =$  Samanburðarnákvæmni (reproducibility): það gildi sem er stærra en tölulegur mismunur stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði, það er sem starfsmenn á mismunandi rannsóknarstofum fá með staðlaðri prófunaraðferð á sams konar efni, og vænta má að liggji innan tiltekinna líkinda, venjulega 95%;
- $R = 2,8 \times S_R$ .
- $S_R =$  Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði.
- $RSD_R =$  Hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði  $[(S_R / \bar{x}) \times 100]$ .
- $HORRAT_r =$  reiknað  $RSD_r$  deilt með  $RSD_r$  sem ákvarðað var með Horwitz jöfnunni þar sem gengið er út frá því að  $r=0,66R$ .
- $HORRAT_R =$  reiknað  $RSD_R$  deilt með  $RSD_R$  gildi sem ákvarðað var með Horwitz jöfnunni.

*Sérstakar kröfur.*

Hafi ekki verið mælt fyrir um neinar sérstakar aðferðir til þess að ákvarða styrk patúlíns í matvælum er rannsóknarstofum heimilt að velja hverja þá aðferð sem samræmist eftirfarandi viðmiðunum í töflu K-1:

**Tafla K-1**  
**Viðmiðanir fyrir patúlín.**

Viðmiðun µg/kg	Patúlín		
	RSD <sub>r</sub> %	RSD <sub>R</sub> %	Endurheimt %
< 20	≤ 30	≤ 40	50 til 150
20-50	≤ 20	≤ 30	70 til 105
> 50	≥ 15	≤ 25	75 til 105

- a) Greiningarmörk aðferðanna eru ekki tilgreind þar eð samkvæmnisgildin eru gefin við tilgreindan styrk.  
b) Samkvæmnisgildin eru reiknuð samkvæmt Horwitz-jöfnunni

$$RSD_R = 2^{(1-0,5\log C)}$$

þar sem:

- RSD<sub>R</sub> er hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði  $[(s_R/\bar{x}) \times 100]$ ,
- C er styrkhlutfallið (þ.e. 1 = 100 g/100 g, 0,001 = 1000 mg/kg).

### 3. Útreikningur á endurheimt og skráning niðurstaðna.

Að því er varðar endurheimt ber að greina frá niðurstöðum greininga, leiðréttum eða óleiðréttum. Endurheimtuhlutfallið skal tilgreint. Niðurstöður greininga, leiðréttar fyrir endurheimt, eru notaðar til að fylgjast með því að farið sé að kröfum (sjá 3. lið í J-hluta). Niðurstöður greininga skal skrá sem  $x \pm U$  þar sem  $x$  er niðurstaða greiningarinnar og  $U$  er mælióvissan.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2003/78/EB sem vísað er til í 4. tölul. XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. maí 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

# REGLUGERÐ

## um ýmis aðskotaefni í matvælum.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um ýmis aðskotaefni í matvælum.

### 2. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

*Aðskotaefni* eru efni sem berast í matvæli eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra.

*Áhættumat* er mat á hættu og byggist það á því hve mikið magn aðskotaefna mælist í matvælum og hugsanlegri neyslu á þeim, eiturefnafræðilegum eiginleikum viðkomandi aðskotaefna svo og niðurbrotshraða og niðurbrotsefnum þeirra.

*Egg* eru einnig eggjavörur svo sem eggjarauður.

*Fiskur og fiskafurðir* eru fiskhold og innflyi af og úr þeim fisktegundum, sem almennt eru nýttar til manneðis og vörur unnar úr þeim, ásamt krabbadýrum (*Crustacea*), samlokum (*Bivalvia*), smokkfiskum (*Cephalopoda*) og sniglum (*Gastropoda*) án skelja.

*Hámarksgildi* er mesta magn aðskotaefna sem leyfilegt er í hverri þyngdar- eða lagareiningu matvæla eins og þau koma fyrir tilbúin til neyslu. Fyrir þurrkaðar afurðir og þykkni af öðrum matvælum skal miða við hámarksgildi afurðarinnar í upprunalegu formi. Fyrir aðrar unnar vörur skal taka tillit til þynningar eða annarra breytinga sem geta orðið við vinnslu. Ef ekki eru gefin upp hámarks gildi fyrir samsett matvæli skal fara eftir hámarksgildum fyrir viðkomandi hráefni í viðauka en taka mið af hlutföllum hráefna og breytinga sem geta orðið við vinnslu.

*Kjöt og kjötvörur* eru úrbeinað kjöt af þeim dýrum sem almennt eru nýtt til manneðis og vörur unnar úr því.

*Korn og kornvara* er þroskuð fræ af hveiti, rúgi, byggi, höfrum, maís, hýðishrísgrjónum, hirsí, bókhveiti, dúrru, rúghveiti og öðrum korntegundum.

*Mjólk og mjólkurvörur* eru skilgreindar í reglugerð um mjólk og mjólkurvörur.

### 3. gr.

#### *Ábyrgð framleiðenda.*

Óheimilt er að framleiða eða dreifa matvælum sem innihalda aðskotaefni umfram hámarksgildi sem fram koma í viðauka 2 með reglugerð þessari. Umhverfisstofnun getur þó heimilað dreifingu vörutegunda sem innihalda aðskotaefni allt að aðgerðarmörkum, sbr. viðauka 1.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að vörutegundir sem hér eru á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

### 4. gr.

#### *Magn aðskotaefna.*

Þegar hámarksgildi tiltekinna aðskotaefna eru ekki tilgreind fyrir ákveðna vörutegund í viðauka 2, en rannsóknir sýna að efnin finnast í vörutegundinni, er hámarksgildi jafnt hæsta magni sem leyft er fyrir viðkomandi efni.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er Umhverfisstofnun heimilt að leyfa tímabundna sölu matvæla, sem innihalda þau efni sem um ræðir, þegar ekki er talin hætta á heilsutjóni vegna

neyslu þeirra. Umhverfisstofnun getur einnig fellt tímabundið úr gildi eða breytt hámarks-gildum sem fram koma í viðauka 2 með reglugerð þessari.

## 5. gr.

*Sýnatökur.*

Aðferðir við sýnatöku og aðra meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum skulu, eftir því sem við á, vera í samræmi við reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum, staðla Alþjóðlega staðalskrárráðsins fyrir matvæli (Codex Alimentarius) eða samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar.

## 6. gr.

*Eftirlit.*

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

## 7. gr.

*Þvingunarúræði.*

Ef matvæli innihalda aðskotaefni umfram leyfileg hámarksgildi reglugerðarinnar skal eftirlitsaðili, að undangengnum tillögum Umhverfisstofnunar um aðgerðir byggðar á áhættumati, grípa til aðgerða á grundvelli XI. kafla laga um matvæli.

Hafi eftirlitsaðili ástæðu til að ætla að tiltekin matvæli innihaldi aðskotaefni umfram leyfileg hámarksgildi skv. 3. og 4. gr., eða sem geti valdið tjóni á heilsu, er honum heimilt að undangengnum tillögum Umhverfisstofnunar um aðgerðir byggðar á áhættumati, að stöðva afgreiðslu og aðra dreifingu vörunnar. Slíkar ástæður geta t.d. verið vegna fyrri at-hugana á matvælum frá sama framleiðslustað, sama ræktunarsvæði eða sama vinnsluaðila, eða vegna tilkynninga erlendis frá. Ef innflytjandi, framleiðandi eða dreifingaraðili óskar eftir því að fá að dreifa slíkri vöru, skal Umhverfisstofnun meta hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar til þess að ganga úr skugga um heilnæmi hennar áður en dreifing er heimiluð. Rannsóknir skulu vera á kostnað þess aðila sem óskar dreifingar vörunnar.

## 8. gr.

*Viðurlög.*

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

## 9. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um aðskotaefni í matvælum, nr. 284/2002, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfísráðuneytinu, 4. maí 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*



VIÐAUKI 1  
Aðgerðarmörk fyrir aðskotaefni.

Aðgerðarmörk svara til hámarksgildis að viðbætti óvissu í a.m.k. tveimur mælingum. Óvissa í mælingu skal þó aldrei vera hærri en sem nemur:

$$M * (0,02 + 2^{-1/2(4+\log M)})$$

Þar sem M er leyfilegt hámarksgildi í mg/kg. Aðgerðarmörk hámarksgildisins M verða því:

$$M * (1,02 + 2^{-1/2(4+\log M)})$$

Dæmi um notkun jöfnu fyrir aðgerðarmörk:

<i>Hámarksgildi, mg/kg</i>	<i>Reiknuð aðgerðarmörk, mg/kg</i>
0,01 .....	0,015
0,05 .....	0,071
0,10 .....	0,140
1 .....	1,27
10 .....	12,0
100 .....	114
200 .....	226
1000 .....	1108
50.000 .....	53.453

VIÐAUKI 2  
Hámarksgildi ýmissa aðskotaefna í neysluvörum.

<i>Aðskotaefni:</i>	<i>Matvæli:</i>	<i>Hámarksgildi</i>
<b>Erukasýra</b> <sup>1</sup>	Matarólfur og steikingarfeiti	5%
<b>Glýkóalkalóíðar</b> <sup>2</sup>	Kartöflur, hráar með hýði	200 mg/kg
<b>Histamín</b>	Fiskur og fiskmeti	200 mg/kg
<b>Nítrósamín</b> <sup>3</sup>	Fiskur og fiskvörur Kjöt og kjötvörur	0,007 mg/kg 0,01 mg/kg
<b>Patulín</b>	Barnamatur Drykkir Öll önnur matvæli	0,01 mg/kg 0,05 mg/kg 0,025 mg/kg
<b>PSP toxín</b>	Skelfiskur, ætilegur hluti	0,8 mg/kg

<sup>1</sup> Reiknað af heildarmagni fitusýra í feitinni.

<sup>2</sup> Heildarmagn af sólanín glýkosíðum svo sem  $\alpha$ -chakonin og  $\alpha$ -sólanín.

<sup>3</sup> Heildarmagn rokgjarnra nítrósamína.

<b>Tetraklóretýlen</b>	Öll matvæli	0,1 mg/kg
<b>Tin</b>	Barnamatur	50 mg/kg
	Drykkir	50 mg/kg
	Öll önnur matvæli	150 mg/kg
<b>Geislavirk efni</b>	Mjólk og barnamatur:	
	Plútóníum 239 og americium 241	1 Bq/kg
	Joð 131 og strontíum 90	100 Bq/kg
	Cesium 134 og 137	370 Bq/kg
	Öll önnur matvæli:	
	Plútóníum 239 og americium 241	10 Bq/kg
Strontíum 90	100 Bq/kg	
Joð 131 og cesium 134 og 137	600 Bq/kg	

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir CAPE á Íslandi.

#### 1. gr.

##### *Stofnaðild o.fl.*

CAPE á Íslandi (Iceland Center of Adaptive Policy in Ecosystems), styrktarsjóður til eflingar umhverfisrannsóknnum og umhverfisvernd, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, er stofnaður af Ragnhildi Sigurðardóttur, kt. 260466-4299, Krókabyggð 10, 270 Mosfellsbæ, Sigurði Torfa Sigurðssyni, kt. 100169-3559, s.st., Kristiina Ann Vogt, social security nr. 574-22-7032, 639 Loveland Ave, Mukilteo, WA 98275, Bandaríkjunum, og Daniel J. Vogt, social security nr. 585-09-6941, s.st. Sjóðurinn starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

#### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið með stofnun sjóðsins er að starfa í þágu almennings með því að hlúa að rannsóknnum er lúta að umhverfi og skynsamri nýtingu náttúruauðlinda. Sjóðnum er ætlað að veita styrki til innlendra og erlendra rannsókna eða verkefna sem lúta að því að í framtíð verði vísindalega staðið á ákvörðunum um umhverfisvernd og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Þá er sjóðnum ætlað að veita styrki til innlendar og erlendar fræðslustarfsemi sem hefur þann tilgang að efla vitund almennings um umhverfisvernd og um skynsama nýtingu náttúruauðlinda.

Markmiðum með stofnun sjóðsins skal náð með beinum fjárframlögum og styrkjum eins og nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

#### 3. gr.

##### *Stjórn sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð eftirtöldum þremur aðilum: Ragnhildi Sigurðardóttur, Kristiina Ann Vogt og Sigurði Torfa Sigurðssyni.

Láti stjórnarmaður af störfum skal varamaður hans taka sæti í stjórn. Skal hann þá tilnefna nýjan varamann í sinn stað.

Stjórnarmenn tilnefna hver um sig sinn varamann. Einn stjórnarmaður skal vera viðurkenndur vísindamaður á sviði umhverfisvísinda og skal hann við stofnun sjóðsins vera formaður sjóðsins en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skal skipuð formanni, gjaldkera og ritara. Stjórninni er heimilt að skipta um formann sjóðstjórnar hvenær sem er.

Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmáður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi þar sem bókað er skilmerkilega um þær ákvarðanir sem teknar eru.

Stjórnin skal velja endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins skal miðast við almánskár.

#### 4. gr.

##### *Fagrád.*

Stjórn sjóðsins velur 3 manna fagrád sem skal vera stjórninni til ráðuneytis um úthlutunir úr sjóðnum. Fagrád skal skipað einstaklingum sem hafa sérþekkingu og/eða reynslu á mállefnum er tengjast umhverfisrannsóknum eða umhverfisvernd, þeim mállefnum sem sjóðnum er ætlað að styrkja.

Stjórn sjóðsins setur fagráði starfsreglur.

#### 5. gr.

##### *Stofnframlag.*

Stofnframlag sjóðsins eru kr. 700.000, sjöhundruðþúsundkrónur.

#### 6. gr.

##### *Frekari fjárframlög.*

Sjóðurinn skal taka á móti öllum frekari fjárframlögum, hvort sem er frá stofnaðilum eða öðrum er veita vilja markmiðum hans brautargengi.

#### 7. gr.

##### *Ráðstöfun fjár.*

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt umsóknum. Auk þess er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa að eigin frumkvæði til málefna er vakið hafa athygli hennar og teljast vera í þágu þess tilgangs sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar stofnskrár.

Stjórn sjóðsins skal afla umsagnar fagráðs skv. 4. gr. áður en til afgreiðslu framlaga skv. 1. gr. kemur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skilyrða veitingu fjár úr sjóðnum fyrirfram og ákveða hámarks- og lágmarksfjárhæð einstakra styrkja.

#### 8. gr.

##### *Ávöxtun fjár.*

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða bankastofnunum að ávaxta fjármuni sjóðsins.

## 9. gr.

*Breytingar og niðurlagning.*

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki stjórnar, meirihluta stofnenda og með staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

Séu stofnaðilar sammála um að leggja sjóðinn niður skulu þeir leita staðfestingar dómsmálaráðherra á því.

## 10. gr.

*Skráning sjóðsins.*

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. apríl 2004.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

**AUGLÝSING****um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi.***Breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 í Flatahverfi.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 20. apríl 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin varðar Brúarflöt 4 og felst í að fækka stigahúsum úr tveimur í eitt og fjölga íbúðum úr sex í sjö.

*Breyting á deiliskipulagi í klasa 9 vegna Smáraflatar 11-15.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 23. mars 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi í klasa 9 vegna Smáraflatar 11-15.

Breytingin felst í að stækka byggingareiti við enda lóða númer 11 og 15 til að rúma sólstofur og færast því byggingarreitir um 3 metra að lóðamörkum. Fjarlægð frá miðju göngustígs við lóð númer 11 að byggingarreit verður 3,7 m.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar voru auglýstar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

*Akranesi, 11. maí 2004.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

**Þorvaldur Vestmann.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 3. maí 2004 staðfest samkomulag, dags. 29. mars 2004, um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Samkvæmt samkomulaginu verður land í eigu Hveragerðisbæjar í óskiptu landi Reykja-  
torfu, sem nú er innan Sveitarfélagsins Ölfuss, framvegis innan stjórnsýslumarka Hveragerð-  
isbæjar. Um er að ræða 77,4 ha landspildu og er hnitasetning landsins með eftirfarandi hætti,  
samkvæmt hnitakerfi ISN93, eins og nánar er sýnt á upprætti:

Nafn	A-hnit	N-hnit
L01	393728.7	389144.5
L02	393814.0	389331.7
L03	394015.2	389434.5
L04	394013.8	389443.6
L05	394257.2	389450.2
L06	394537.6	389584.3
L07	394859.8	389343.5
L08	394822.1	389077.1
L09	394621.1	388149.7
L10	394410.6	388557.8
L11	394151.0	388844.2

Milli L01 og L02 ræður miðlína Varmár. Lína frá L09, L10, L11 að L01 er 20 metra  
frá miðlínu Suðurlandsvegur.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. maí 2004.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*

## REGLUGERÐ

### um starfsemi rannsóknastofa sem stunda greiningu á sjúkdómum sem sóttvarnalög taka til.

1. gr.

Rannsóknastofur, sem taka sýni til greiningar á sjúkdómum og sjúkdómsvöldum sem  
sóttvarnalög nr. 19/1997 taka til, skulu hafa starfsleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,

sem gefin eru út að fenginni umsögn landlæknis. Þetta tekur til rannsóknastofa sem taka sýni til ræktunar og annarrar greiningar á skráningar- og tilkynningaskyldum sjúkdómum í mönnum og rannsóknastofa sem gera blóðvatnspróf í þessum tilgangi.

2. gr.

Skilyrði fyrir slíku starfsleyfi er að rannsóknastofa hafi öðlast faggildingu á rannsóknunum sbr. 1. gr. Ráðherra er heimilt að veita rannsóknastofu tímabundið starfsleyfi á meðan beðið er eftir faggildingu enda hafi rannsóknastofan lagt fram áætlun um að öðlast hana. Ráðherra er heimilt að veita rannsóknastofu takmarkað og tímabundið starfsleyfi, til að framkvæma tilteknar rannsóknir, sbr. 1. gr., enda sýni rannsóknastofan fram á að viðhaft sé virkt gæðaeftirlit. Ráðherra getur kveðið á um í starfsleyfi að rannsóknastofa sé tilvísunarrannsóknastofa (reference laboratory).

3. gr.

Nándarrannsóknir (point of care testing) til greiningar á sjúkdómum sem sóttvarnalög taka til, skulu gerðar undir eftirliti og á ábyrgð rannsóknastofu með starfsleyfi. Að fenginni umsögn landlæknis getur ráðherra heimilað notkun skyndigreiningarprófa til greiningar á sjúkdómum, sem sóttvarnalög taka til.

4. gr.

Landlæknir hefur eftirlit með því að rannsóknastofa uppfylli skilyrði starfsleyfis sbr. 1. og 2. gr.

Landlækni er heimilt að hafa sér til ráðgjafar varðandi eftirlit og umsagnir um starfsleyfi nefnd þriggja sérfróðra manna um rekstur rannsóknastofa sem hann skipar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 9. gr. og 18. gr. laga nr. 19/1997.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. maí 2004.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna nr. 118/1996, sbr. breytingu með reglugerð nr. 207/1998.**

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Atvinnuskírteini til skipstjórnar á skipum stærri en 30 rúmlestir skulu endurnýjuð til 5 ára í senn, ef umsækjandi uppfyllir skilyrði 1. gr. til að öðlast slíkt skírteini.

Jafnframt skal umsækjandi sýna fram á siglingatíma að minnsta kosti í 1 ár á síðastliðnum 5 árum eða að hafa innt af hendi störf sem teljast sambærileg að mati Siglingastofnunar Íslands eða hafa staðist viðurkennt próf eða lokið með fullnægjandi hætti viðurkenndu námskeiði eða hafa lokið viðurkenndum siglingatíma þar sem sinnt var starfi í lægri stöðu en upprunalegt skírteini segir til um, eigi skemur en í 3 mánuði.

Enginn getur fengið endurnýjun atvinnuskírteinis til skipstjórnar nema sá sem fær er um að gegna starfinu af heilsufarsástæðum samkvæmt læknisvottorði, sbr. reglugerð nr. 304/1993.

## 2. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Atvinnuskírteini til vélstjórnar skulu endurnýjuð til 5 ára í senn, ef umsækjandi uppfyllir skilyrði 1. gr. til að öðlast slíkt skírteini.

Jafnframt skal umsækjandi sýna fram á siglingatíma að minnsta kosti í 1 ár á síðastliðnum 5 árum eða að hafa innt af hendi störf sem teljast sambærileg að mati Siglingastofnunar Íslands eða hafa staðist viðurkennt próf eða lokið með fullnægjandi hætti viðurkenndu námskeiði eða hafa lokið viðurkenndum siglingatíma þar sem sinnt var starfi í lægri stöðu en upprunalegt skírteini segir til um, eigi skemur en í 3 mánuði.

Enginn getur fengið endurnýjun atvinnuskírteinis til vélstjórnar nema sá sem fær er um að gegna starfinu af heilsufarsástæðum samkvæmt læknisvottorði, sbr. reglugerð nr. 304/1993.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984 með síðari breytingum og lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 29. apríl 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### um samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Svínhaga, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 22. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Svínhaga, Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið tekur til frístundahúsabyggðar á 250 hektara svæði í landi Svínhaga.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 29. apríl 2004.*

F.h. hreppsnefndar Rangárþings ytra,

**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Ásland 1. áfanga, Setberg íbúðarsvæði, Hvamma íbúðarsvæði, Hörðuvelli Reykdalsreit“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 13. janúar 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Ásland 1. áfanga, Setberg íbúðarsvæði, Hvamma íbúðarsvæði, Hörðuvelli Reykdalsreit“ í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 4. maí 2004.*

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa,

**Lilja Grétarsdóttir** arkitekt.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi íþróttá- og útivistarsvæðis Árborgar, ásamt ferðaþjónustusvæði Gesthúsa í Rauðholti á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 15. janúar 2003 tillögu að deiliskipulagi fyrir íþróttá- og útivistarsvæði Árborgar, ásamt ferðaþjónustusvæði Gesthúsa í Rauðholti á Selfossi.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:2000 þann 9. júlí 2002 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 25. september til 23. október 2002 og var athugasemdafrestur til 6. nóvember 2002.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 5. maí 2004.*

**Bárður Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. febrúar 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Naustahverfi. Breytingin felst í breyttum húsagerðum við Hólatún og Klettatún: Tveggja hæða raðhús F2 breytt í tveggja hæða



raðhús G2, byggingarreitur einbýlishúss af K1-gerð er lengdur til vesturs, bindandi byggingarlinur fyrir K3 einbýlishús eru felldar út og í stað tvíbýlishúsa af H-gerð við Klettatún komi einbýlishús K4.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Akureyri, 3. maí 2004.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### sveitarstjórnar Dalabyggðar um samþykki deiliskipulags.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 19. apríl 2004 samþykkt deiliskipulag á lóð Hjarðarholtskirkju í Dalabyggð. Deiliskipulagið felst í að lóð kirkju og kirkjugarðs eru skilgreind, afmarkaður er byggingarreitur fyrir þjónustuhús og aðkoma að bílastæðum. Gert er ráð fyrir girðingu umhverfis lóðina. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulag öðlast þegar gildi.

*Búðardal, 5. maí 2004.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi Dalabyggðar,

**Bogi Kristinsson Magnusen.**

## AUGLÝSING

**ríkisskattstjóra nr. 9/2004 um fresti lögaðila, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, til að skila framtölum vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2004/2005 á tekjur reikningsársins og eignir í lok þess.**

1. gr.

Peir lögaðilar, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok þess reikningsárs sem hófst á árinu 2003 eða síðar og lýkur á árinu 2004.

2. gr.

Um önnur atriði um skattskil og form framtala gilda ákvæði auglýsingar ríkisskattstjóra nr. 4/2004 sem birt var 22. janúar 2004.

4. maí 2004

1071

Nr. 422

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. gr. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 4. maí 2004.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

4. maí 2004

Nr. 423

## AUGLÝSING

### um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum:

Einstefna verður á Reglubraut frá Skólavegi í vestur að Vestmannabraut 58b.

Einstefna verður á Brekkugötu til norðurs.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

*Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 4. maí 2004.*

**Karl Gauti Hjaltason.**

7. maí 2004

Nr. 424

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Einholt, Akureyri.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 3. febrúar 2004 samþykkt nýtt deiliskipulag á reit milli Einholts og Hlíðarbrautar.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir tveimur nýjum einbýlishúsalóðum við Einholt og stækkun lóðarinnar nr. 26.

Skipulagsupprátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Akureyri, 7. maí 2004.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um fyrirkomulag vöktunar á hámarksgildum varnarefnaleifa í tilteknum matvælum.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi og er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 645/2000, frá 28. mars 2000 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur sem eru nauðsynlegar fyrir rétta framkvæmd tiltekinna ákvæða í 7. gr. tilskipunar ráðsins 86/362/EBE og 4. gr. tilskipunar ráðsins 90/642/EBE um fyrirkomulag við vöktun á hámarksgildum leifa, í sömu röð, í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, m.a. aldinum og grænmeti. Reglugerðin var felld inn í EES samningin með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 72/2003 frá 20. júní 2003 og birt í EES viðbæti nr. 51/10 frá 9. október 2003.

#### 2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

#### 3. gr.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, samanber og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, samanber og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfiráðuneytinu, 3. maí 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 645/2000**

frá 28. mars 2000

**Þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur sem eru nauðsynlegar fyrir rétta framkvæmd tiltekinna ákvæða í 7. gr. tilskipunar ráðsins 86/362/EBE og 4. gr. tilskipunar ráðsins 90/642/EBE um fyrirkomulag við vöktun á hámarks-gildum leifa, í sömu röð, í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, m.a. aldinum og grænmeti**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks-magn varnarefnaleifa í og á kornvörum<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/71/EB<sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks-magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/71/EB, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE er mælt fyrir um grundvallarákvæði um eftirlit með varnarefnum í og á kornvörum og aldinum og grænmeti.
- 2) Reynslan af því að setja fram og framkvæma tilmæli framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að áætlanagerð til margra ára, þar sem koma má við aðlögun árlega, væri skilvirkasta aðferðin við að koma á fót samræmdum eftirlitsáætlunum Evrópubandalagsins.
- 3) Í 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE er kveðið á um endurskoðun og samþykkt nauðsynlegra ráðstafana, s.s. útgáfu framkvæmdastjórnarinnar á skýrslum Evrópubandalagsins sem innihalda upplýsingar, sem safnað hefur verið saman og flokkaðar innan aðildarríkjanna, og aðgerða sem ber að grípa til á vettvangi bandalagsins þegar tilkynning berst um brot á ákvæðum um hámarks-gildi. Reynslan hefur sýnt að til þess að hægt sé að treysta á áreiðanleika niðurstaðna frá rannsóknarstofum, sem taka að sér greiningu á varnarefnaleifum, þarf að starfrækja þær með öflugu gæðatryggingakerfi. Með því að gangast reglulega undir frammistöðupróf og taka upp samræmt gæðastýringarferli kunna rannsóknarstofur að geta uppfyllt faggingarkröfurnar í 3. gr. tilskipunar ráðsins 93/99/EBE frá 29. október 1993 um viðbótarákvæði um opinbert matvælaeftirlit<sup>(4)</sup>.
- 4) Það er við hæfi að framkvæmdastjórnin leggi fram fé til aðgerða sem stuðla að því að eftirlitsáætlanir séu í samræmi við ströngustu staðla, því að það er á hendi

framkvæmdastjórnarinnar að safna saman og flokka upplýsingarnar, sem aðildarríkin afhenda, til að leggja fram sem skýrslur Evrópubandalagsins, og hún verður að geta reitt sig á gæði, nákvæmni og samanburðarhæfi upplýsinganna. Einkum skal styrkja regluleg frammistöðupróf rannsóknarstofa og endurskoðun og þróun viðmiðunareglna um aðferðir við gæðaeftirlit á reglulegum fundum sérfræðinga.

- 5) Það er við hæfi að framkvæmdastjórnin leggi fram fé til aðgerða til stuðnings öðrum þáttum í samræmingu eftirlits með varnarefnaleifum á vettvangi bandalagsins. Einkum skal styrkja starfsemi sem veitir framkvæmdastjórninni ráðrúm til að bregðast við kröfunni um að vinna í áföngum að því að koma á skipulagi sem gæti gert það kleift að meta raunveruleg váhrif varnarefna í fæðu samkvæmt eftirlitsgögnunum.
- 6) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um heilbrigði neytenda og öryggi matvæla (COM(97) 183) lýsir starfsemi eftirlits- og skoðunarþjónustu innan matvæla-, dýraheilbrigðis- og plöntuheilbrigðisgeirans. Eftirlitsþjónustan skal hafa eftirlit með varnarefnaleifum í og á kornvörum og aldinum og grænmeti.
- 7) Eftirlit á árunum 1996 og 1997 leiddi í ljós brot á ákvæðum um hámarks-gildi eins og mælt er fyrir um í tilskipun 90/642/EBE með áorðnum breytingum.
- 8) Bæði í tilskipun 90/642/EBE, með áorðnum breytingum, og í tilskipun 86/362/EBE, með áorðnum breytingum, er kveðið á um að hægt skuli vera að grípa til aðgerða á vettvangi bandalagsins þegar tilkynning berst um brot á ákvæðum sem og um ítarleg framkvæmdarákvæði sem tryggja að eftirlitið skili tilætluðum árangri.
- 9) Yfirlit yfir samantekt á eftirlitskerfi í öllum aðildarríkjum er nauðsynlegt til að bæta eftirlit með varnarefnaleifum í bandalaginu og til að stuðla að því að það skili tilætluðum árangri.
- 10) Setja skal ítarleg framkvæmdarákvæði til að tryggja að ákvæðin um eftirlit skili tilætluðum árangri. Í framkvæmdarákvæðunum skal tilgreint skilmerkilega til hvaða aðgerða og með hvaða hætti framkvæmdastjórnin leyfist að greiða fjárframlög, innan fyrir-liggjandi heimilda á fjárlögum.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 194, 27.7.1999, bls. 36.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 290, 24.11.1993, bls. 14.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

1. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og b-liðar 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE geta náð til tíma-bila sem vara í eitt til fimm ár.

2. Til að gera kleift að stýra eftirlitsáætlunum til margra ára á skilvirkan hátt frá ári til árs getur framkvæmdastjórnin lagt fram árleg staðfestingar- og viðbótardrög að tilmælum. Þau skal leggja fyrir fastanefndina um plöntuheilbrigði eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og b-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE.

## 2. gr.

Til að stuðla að því að ákvæði 2. og 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE skili tilætludum árangri skal framkvæmdastjórnin:

1. samræma starfsemi aðildarríkjanna að því er varðar kröfur um að afla, skrá, meðhöndla og senda upplýsingar um eftirlit og eftirlitsáætlanir eins og við á samkvæmt leiðbeiningum fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði, einkum viðmiðunarreglum um aðferðir við gæðaeftirlit með efnagreiningu varnarefnaleifa<sup>(1)</sup> og samkvæmt vinnuskjali til leiðbeiningar fyrir aðildarríkin að því er varðar framkvæmd tilmæla framkvæmdastjórnarinnar um samræmdar eftirlitsáætlanir bandalagsins<sup>(2)</sup>,
2. veita fjárframlög, innan fyrirbyggjandi heimilda á fjárlögum Evrópubandalagsins:

- a) til skipulagningar á reglulegum frammistöðuprófum, að meginreglu á tveggja ára fresti, fyrir allar rannsóknarstofur, sem annast efnagreiningar, til að tryggja gæði, nákvæmni og samanburðarhæfi upplýsinganna sem aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum árlega og framkvæmdastjórnin safnar saman og flokkar til birtingar í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE,
- b) til skipulagningar á þróun aðferða við gæðaeftirlit með efnagreiningu varnarefnaleifa, í formi leiðbeininga fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði, og til skipulagningar á reglulegri endurskoðun, að meginreglu á fundum sérfræðinga á tveggja ára fresti, á því hvornig beita skuli þessum aðferðum á rannsóknarstofum, sem greina efnaleifar í aðildarríkjunum, til að tryggja gæði, nákvæmni og samanburðarhæfi upplýsinganna sem aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 128, 21.5.1999, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjótið. EB L 128, 21.5.1999, bls. 48.

árlega og framkvæmdastjórnin safnar saman og flokkar til birtingar í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE,

- c) til skipulagningar á árlegum rannsóknum, samráði og öðrum undirbúningi sem nauðsynlegur er til að framkvæmdastjórninni sé unnt að vinna í áföngum að því að koma á skipulagi sem gæti gert kleift að meta raunveruleg váhrif af varnarefnum í fæðu samkvæmt eftirlitsgögnunum, eins og krafist er í annarri undirgrein 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE, og
- d) til skipulagningar á öðrum aðgerðum á vettvangi bandalagsins sem framkvæmdastjórnin og fastanefndin um plöntuheilbrigði tilgreina til að tryggja rétta framkvæmd ákvæða 2. og 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE.

## 3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna þann eða þá sem hljóta fjárframlögin, sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr., með því að samþykkja ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 10. gr. tilskipunar 90/642/EBE.

2. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal einkum koma fram:

- nafn þess eða þeirra sem hljóta fjárframlag bandalagsins,
- heildarkostnaður aðgerðarinnar, sem gripið verður til, og framlög þeirra sem koma að framkvæmd hennar, þ.m.t. framlög Evrópubandalagsins,
- stutt lýsing á aðgerðinni sem gripið verður til,
- tímaáætlun um hvenær aðgerðinni verður lokið.

## 4. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að niðurstöður efnagreininga, sem sendar eru framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum árlega, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE, komi frá rannsóknarstofum sem:

- uppfylla kröfur 3. gr. tilskipunar 93/99/EBE, og
- leggja allt kapp á að beita þeim aðferðum við gæðaeftirlit með greiningu varnarefnaleifa sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.

Að auki skulu aðildarríkin tryggja að einungis rannsóknarstofur, sem hafa gengist undir viðeigandi frammistöðupróf bandalagsins, sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, eða munu gangast undir þau í næstu lotu, taki þátt í samræmdri eftirlitsáætlun bandalagsins.

## 5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna sérstaka opinbera starfsmenn, með viðeigandi menntun og hæfi, til að hafa eftirlit með því í aðildarríkjunum, ásamt innlendum yfirvöldum, að áætlunum í hverju landi og áætlunum bandalagsins um eftirlit með varnarefnaleifum í og á matvælum úr jurtaríkinu sé hrint í framkvæmd. Þetta á einnig við um sýnatökur og frammistöðu viðeigandi rannsóknarstofa.

2. Opinberu starfsmennirnir skulu heimsækja innlend yfirvöld í hverju aðildarríki, sem hafa samvinnu við tilnefnda embættismenn framkvæmdastjórnarinnar og veita þeim alla þá aðstoð sem þeir þurfa til að innna starf sitt af hendi. Dagskrá heimsóknanna skal vera skipulögð og fara fram í samvinnu við viðkomandi aðildarríki. Innlend yfirvöld skulu í öllum tilvikum bera ábyrgð á framkvæmd eftirlitsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja þessar heimsóknir ásamt hinum opinberu starfsmönnum í hverju landi innan hæfilegra tímamarka. Auk sérfræðinga aðildarríkisins, sem

heimsótt er, geta einn eða fleiri sérfræðingar eins eða fleiri annarra aðildarríkja fylgt sérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar í heimsóknirnar. Í heimsóknunum skal sérfræðingar eða sérfræðingar aðildarríkjanna, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir, hlíta stjórnsýslureglum framkvæmdastjórnarinnar.

4. Eftir hverja heimsókn skal framkvæmdastjórnin semja skriflega skýrslu. Aðildarríkinu, sem heimsótt var, verður gefinn kostur á að gera athugasemdir við skýrsluna.

5. Á vettvangi fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði skal framkvæmdastjórnin reglulega greina öllum aðildarríkjunum frá niðurstöðum heimsókna til hvers aðildarríkis fyrir sig með skriflegri skýrslu. Framkvæmdastjórnin skal greina Evrópuþinginu frá þeim. Framkvæmdastjórnin skal einnig reglulega birta skýrslurnar opinberlega.

6. Endurskoða skal ákvæði þessarar greinar eigi síðar en 31. október 2001.

## 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 2000.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. mars 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

## 1. gr.

2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um lyf, sbr. lög nr. 93/1994, eða eldsneyti sem fellur undir reglugerð um fljótandi eldsneyti.

## 2. gr.

3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um lyf, sbr. lög nr. 93/1994. Jafnframt er vísað til reglugerðar um efni sem eyða ósonlaginu, varðandi bann við framleiðslu, innflutningi, sölu og notkun koltetraklóríðs (tetraklórmetans) og 1,1,1-tríklórétans.

## 3. gr.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Bann skv. 1. mgr. tekur einnig til vara ef þær eða hlutar þeirra innihalda meira en 0,1% dífenýleter, pentabrom- eða oktabrómafleiðu.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ kemur: Umhverfisstofnunar.

## 5. gr.

9. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Um viðurlög við brotum gegn reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eitrefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

## 6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á I. viðauka, *Krabbameinsvaldandi efni*:

- a) Við A-hluta, flokk 1, bætast efni sem birt eru í fylgiskjali I við reglugerð þessa.
- b) Við B-hluta, flokk 2, bætast efni sem birt eru í fylgiskjali II við reglugerð þessa.
- c) Efni sem birt eru í fylgiskjali III við reglugerð þessa falla út úr B-hluta, flokki 2.

## 7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á II. viðauka, *Efni sem geta valdið stökkbreytingum*:

Við B-hluta, flokk 2, bætast efni sem birt eru í fylgiskjali IV við reglugerð þessa.

## 8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á III. viðauka, *Efni sem geta haft skaðleg áhrif á æxlun*:

- a) Við A-hluta, flokk 1, bætast efni sem birt eru í fylgiskjali V við reglugerð þessa.
- b) Við B-hluta, flokk 2, bætast efni sem birt eru í fylgiskjali VI við reglugerð þessa.

## 9. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á VI. viðauka, *Önnur hættuleg efni*:

Efni sem birt eru í fylgiskjali VII við reglugerð þessa, bætast við.

## 10. gr.

Í stað *Skýringa* við I. viðauka og *Skýringa* við II. til VI. viðauka koma *Skýringar* við I. til VI. viðauka sem birtar eru í fylgiskjali VIII við reglugerð þessa.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 29. gr. laga nr. 52/1988 um eitrefni og hættuleg efni, með síðari breytingum. Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipunum 2003/11/EB, 2003/34/EB og 2003/36/EB, um breytingar á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinnna skaðlegra efna og efnablandna, sem vísað er til í 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 147/2003 og 173/2003.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Ákvæði 3. gr. og 9. gr. taka gildi 15. ágúst 2004.

Ákvæði 6., 7., 8. og 10. gr. taka gildi 25. desember 2004.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. maí 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.***Sigríður Auður Arnardóttir.***Fylgiskjal I.**

Efni sem vitað er að valda krabbameini í mönnum.

Heiti efna	Raðnúmer	EB-nr.	CAS-nr.	Athuga- semd
1,3-bútadíen	601-013-00-X	203-450-8	106-99-0	D
bútan [1], ísóbútan [2] (sem inniheldur ≥ 0,1% 1,3-bútadíen)	601-004-01-8	[1] 203-448-7 [2] 200-857-2	[1] 106-97-8 [2] 75-28-5	C, S

**Fylgiskjal II.**

Efni sem talið er að geti valdið krabbameini í mönnum.

Heiti efna	Raðnúmer	EB-nr.	CAS-nr.	Athuga- semd
azóbenzen	611-001-00-6	203-102-5	103-33-3	E
azólitarefni byggð á 4,4'-bí- <i>o</i> -tólúídín, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	611-030-00-4	-	-	A, H
azólitarefni byggð á <i>o</i> -díanisídín, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	611-029-00-9	-	-	A, H
benzó[ <i>e</i> ]pýren	601-049-00-6	205-892-7	192-97-2	
benzýlklóríð	602-037-00-3	202-853-6	100-44-7	E
beryllíumoxíð	004-003-00-8	215-133-1	1304-56-9	E
2,2'-bíoxíran	603-060-00-1	215-979-1	1464-53-5	E
2,3-díbróm-1-própanól	602-088-00-1	202-480-9	96-13-9	E
1,2,3,4-díepoxýbútan	603-060-00-1	215-979-1	1464-53-5	E
2,3-dínítrótólúen	609-050-00-3	210-013-5	602-01-7	E
2,5-dínítrótólúen	609-055-00-0	210-581-4	619-15-8	E
2,6-dínítrótólúen	609-049-00-8	210-106-0	606-20-2	E
3,4-dínítrótólúen	609-051-00-9	210-222-1	610-39-9	E
3,5-dínítrótólúen	609-052-00-4	210-566-2	618-85-9	E
2,4-dínítrótólúen [1]; dínítrótólúen [2]	609-007-00-9	[1] 204-450-0 [2] 246-836-1	[1] 121-14-2 [2] 25321-14-6	E



Heiti efna	Raðnúmer	EB-nr.	CAS-nr.	Athuga- semd
1,2-epoxý-3-fenoxýprópan	603-067-00-X	204-557-2	122-60-1	E
1,2-epoxýprópan	603-055-00-4	200-879-2	75-56-9	E
(R)-2,3-epoxý-1-própanól	603-143-00-2	404-660-4	57044-25-4	E
2,3-epoxý-1-própanól	603-063-00-8	209-128-3	556-52-5	E
2,3-epoxý-própýlfenýleter	603-067-00-X	204-557-2	122-60-1	E
fenýlglýsídyleter	603-067-00-X	204-557-2	122-60-1	E
fenýlhýdrazín [1] fenýlhýdrazínklóríð [2] fenýlhýdrazínhýpóklóríð [3] fenýlhýdrazínsúlfat (2:1) [4]	612-023-00-9	[1] 202-873-5 [2] 200-444-7 [3] 248-259-0 [4] 257-622-2	[1] 100-63-0 [2] 59-88-1 [3] 27140-08-5 [4] 52033-74-6	E
fúran	603-105-00-5	203-727-3	110-00-9	E
glýsídól	603-063-00-8	209-128-3	556-52-5	E
hýdrazín(trínítrómetan)	609-053-00-X	414-850-9	-	E
6-hýdroxý-1-(3-ísóprópoxyprópýl)-4- metýl-2-oxó-5-[4-(fenýlazó)fenýlazó]- 1,2-dihýdró-3-pýridín-karbónítríl	611-057-00-1	400-340-3	85136-74-9	
(6-(4-hýdroxý-3-(2-metoxýfenýlazó)-2- súlfónató-7-naftýlamínó)-1,3,5-tríazín- 2,4-díyl)-bis[(amínó-1-metýletýl)- ammóníum] format	611-058-00-7	402-060-7	108225-03-2	
N-[3-hýdroxý-2-(2- metýlakrýlýlamínómetoxý) própoxymetýl]-2-metýlakrýlamíð [1], N-[2,3-bis-(2- metýlakrýlýlamínómetoxý) própoxymetýl]-2-metýlakrýlamíð [2], metakrýlamíð [3], 2-metýl-N-(2- metýlakrýlýlamínómetoxýmetýl)- akrýlamíð [4], N-(2,3-dihýdroxyprópoxymetýl)-2- metýlakrýlamíð [5], blanda af [1], [2], [3], [4] og [5]	616-057-00-5	412-790-8	-	
kadmíumflúoríð	048-006-00-2	232-222-0	7790-79-6	E
(R)-1-klór-2,3-epoxýprópan	603-166-00-8	424-280-2	51594-55-9	
α-klórtólúen	602-037-00-3	202-853-6	100-44-7	E
kóbaltdíklóríð	027-004-00-5	231-589-4	7646-79-9	E, 1
kóbaltsúlfat	027-005-00-0	233-334-2	10124-43-3	E, 1
krýsen	601-048-00-0	205-923-4	218-01-9	
metýloxíran	603-055-00-4	200-879-2	75-56-9	E
natríumkrómat	024-018-00-3	231-889-5	7775-11-3	E, 3
própýlenoxíð	603-055-00-4	200-879-2	75-56-9	E
1,4,5,8-tetraamínóantrakínón	611-032-00-5	219-603-7	2475-45-8	
tríklóreten	602-027-00-9	201-167-4	79-01-6	
tríklóretýlen	602-027-00-9	201-167-4	79-01-6	
trínatríum[4'-(8-asetýlamínó-3,6- dísfónató-2-naftýlazó)-4''-(6- benzóýlamínó-3-súlfónató-2-naftýlazó)- bífenýl-1,3',3'',1'''-tetraólató- O,O',O'',O''']kópar(II)	611-063-00-4	413-590-3	-	

**Fylgiskjal III.**

Efirtalin efni falla út úr B-hluta, flokki 2:

1,3-bútadíen

bútan [1], ísóbútan [2] (sem inniheldur  $\geq 0,1\%$  1,3-bútadíen)

**Fylgiskjal IV.**

Efni sem talið er að geti valdið stökkbreytingum í mönnum.

Heiti efna	Raðnúmer	EB-nr.	CAS-nr.	Athuga- semnd
2,2'-bíoxíran	603-060-00-1	215-979-1	1464-53-5	E
1,3-bútadíen	601-013-00-X	203-450-8	106-99-0	D
bútan [1], ísóbútan [2] (sem inniheldur $\geq 0,1\%$ 1,3-bútadíen)	601-004-01-8	[1] 203-448-7 [2] 200-857-2	[1] 106-97-8 [2] 75-28-5	C, S
1,2:3,4-díepoxýbútan	603-060-00-1	215-979-1	1464-53-5	E
1,2-epoxýprópan	603-055-00-4	200-879-2	75-56-9	E
kadmíumflúoríð	048-006-00-2	232-222-0	7790-79-6	E
kadmíumklóríð	048-008-00-3	233-296-7	10108-64-2	E
metýloxíran	603-055-00-4	200-879-2	75-56-9	E
natríumkrómat	024-018-00-3	231-889-5	7775-11-3	E, 3
própýlenoxíð	603-055-00-4	200-879-2	75-56-9	E
1,3,5-tris-[(2S og 2R)-2,3-epoxýprópýl]- 1,3,5-tríazín-2,4,6-(1H,3H,5H)-tríon	616-091-00-0	423-400-0	59653-74-6	E

**Fylgiskjal V.**

Efni sem vitað er að geta haft skaðleg áhrif á æxlun.

Heiti efna	Raðnúmer	EB-nr.	CAS-nr.	Athuga- semnd
2-brómprópan	602-085-00-5	200-855-1	75-26-3	E
1,3-bútadíen	601-013-00-X	203-450-8	106-99-0	D
bútan [1], ísóbútan [2] (sem inniheldur $\geq 0,1\%$ 1,3-bútadíen)	601-004-01-8	[1] 203-448-7 [2] 200-857-2	[1] 106-97-8 [2] 75-28-5	C, S

**Fylgiskjal VI.**

Efni sem talið er að geti haft skaðleg áhrif á æxlun.

Heiti efna	Raðnúmer	EB-nr.	CAS-nr.	Athuga- semd
bis(2-etylhexýl)palat	607-317-00-9	204-211-0	117-81-7	
4-[[bis-(4-flúorfenýl)metýlsilýl]-metýl]-4 <i>H</i> -1,2,4-tríazol [1], 1-[[bis-(4-flúorfenýl)metýlsilýl]-metýl]-1 <i>H</i> -1,2,4-tríazol [2], blanda af [1] og [2]	014-019-00-7	403-250-2	-	E
bis(4-flúorfenýl)-(metýl)-(1 <i>H</i> -1,2,4-tríazol-1-ýl)metýl-sílan	014-017-00-6	-	85509-19-9	E
bis(2-metoxýetyl)eter	603-139-00-0	203-924-4	111-96-6	
bútýl( <i>RS</i> )-2-[4-(5-tríflúormetyl-2-pýrídýloxý)fenoxý]próponat	607-304-00-8	274-125-6	69806-50-4	
DBP	607-318-00-4	201-557-4	84-74-2	
DEHP	607-317-00-9	204-211-0	117-81-7	
díbútýl)palat	607-318-00-4	201-557-4	84-74-2	
dí-(2-etylhexýl)palat	607-317-00-9	204-211-0	117-81-7	
<i>N</i> -3,5-díklórfenýl-5-metýl-5-vínýl-1,3-oxazólídín-2,4-díon	607-307-00-4	256-599-6	50471-44-8	
<i>N,N</i> -dímetýlasetamíð	616-011-00-4	204-826-4	127-19-5	E
2,6-dímetýl-4-trídekýlmorfólín	613-020-00-5	246-347-3	24602-86-6	E
( <i>R</i> )-2,3-epoxý-1-própanól	603-143-00-2	404-660-4	57044-25-4	E
2,3-epoxý-1-própanól	603-063-00-8	209-128-3	556-52-5	E
flúazífop-bútýl	607-304-00-8	274-125-6	69806-50-4	
flúmfoxazín	613-166-00-X	-	103361-09-7	
<i>N</i> -(7-flúor-3,4-dihýdró-3-oxó-4-próp-2-ýnýl-2 <i>H</i> -1,4-benzoxazín-6-ýl)sýklóhex-1-en-1,2-díkarboxamíð	613-166-00-X	-	103361-09-7	
flúsílazól	014-017-00-6	-	85509-19-9	E
formamíð	616-052-00-8	200-842-0	75-12-7	
glýsídól	603-063-00-8	209-128-3	556-52-5	E
4,4'-ísóbútýletylídendifenól	604-024-00-8	401-720-1	6807-17-6	
kadmíumflúoríð	048-006-00-2	232-222-0	7790-79-6	
kadmíumklóríð	048-008-00-3	233-296-7	10108-64-2	E
(2 <i>RS</i> ,3 <i>RS</i> )-3-(2-klórfenýl)-2-(4-flúorfenýl)-[(1 <i>H</i> -1,2,4-tríazol-1-ýl)metýl]oxíran	613-175-00-9	406-850-2	106325-08-0	
metoxýedikssýra	607-312-00-1	210-894-6	625-45-6	E
2-metoxýprópanól	603-106-00-0	216-455-5	1589-47-5	
2-metoxýprópýlasetat	607-251-00-0	274-724-2	70657-70-4	
<i>N</i> -metýlasetamíð	616-053-00-3	201-182-6	79-16-3	
<i>N</i> -metýlformamíð	616-056-00-X	204-624-6	123-39-7	E
sýklóheximíð	613-140-00-8	200-636-0	66-81-9	E
(+/-)-tetrahýdróúrfúrýl( <i>R</i> )-2-[4-(6-klórkínoxalín-2-ýloxý)fenýloxý]-próponat	607-373-00-4	414-200-4	119738-06-6	E
trídemorf	613-020-00-5	246-347-3	24602-86-6	E
vinklózólín	607-307-00-4	256-599-6	50471-44-8	

**Fylgiskjal VII.**

Önnur hættuleg efni.

Heiti efna	Raðnúmer	EB-nr.	CAS-nr.	Athugasemd
dífenýleter, oktabrómafleiða	-	251-087-9	32536-52-0	
dífenýleter, pentabrómafleiða	602-083-00-4	251-084-2	32534-81-9	

**Fylgiskjal VIII.****Skýringar við I. til VI. viðauka:**

1. dálkur Heiti efna.
2. dálkur Raðnúmer: Númer sem efninu er gefið þegar það er tekið inn í Evrópulista yfir hættuleg efni (Viðauki I við tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna).  
Númerið er talnaröð af gerðinni *ABC-RST-VW-Y*, þar sem:
  - *ABC* er annað hvort sætistala þess frumefnis sem er mest einkennandi fyrir eiginleika efnisins (með einu eða tveimur núllum fyrir framan til uppfyllingar) eða flokksnúmer lífrænna efna,
  - *RST* er raðtala efnisins í röðinni *ABC*,
  - *VW* gefur til kynna á hvaða formi efnið er framleitt eða markaðsett,
  - *Y* er vartala í samræmi við ISBN (International Standard Book Number).
3. dálkur EB-nr.: Númer sem gefin eru öllum efnum sem skráð eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Númerin eru sjö stafa talnaraðir, xxx-xxx-x og eru þau birt í einhverri af eftirtöldum skráum:
  - EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances - Evrópuskrá yfir markaðsett efni (byrja á 200-001-8).
  - ELINCS: European List of Notified Chemical Substances - Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (byrja á 400-010-9).
4. dálkur CAS-nr.: Chemical Abstracts Service Registry Number - Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.<sup>1) · 2)</sup>
5. dálkur Athugasemdir:
 

A: Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðar um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ber að tilgreina heiti efnis á merkimiða eins og það er birt í fylgiskjali 1 við áðurnefnda reglugerð. Í fylgiskjali 1 við áðurnefnda reglugerð eru stundum skráð safnheiti á borð við „-sambönd“ eða „-sölt“. Þá ber að tilgreina EINECS/ELINCS-heiti eða annað viðurkennt alþjóðlegt efnaheiti (s.s. IUPAC eða ISO) á merkimiða, t.d. beryllíumklóríð fyrir BeCl<sub>2</sub>. Jafnframt skal nota hættumerki og H- og V- setningar eins og tilgreint er í fylgiskjali 1 fyrir viðkomandi efni.

<sup>1)</sup> CAS-nr. eru yfirleitt mismunandi fyrir vatnsfrjár og vatnaðar myndir efnisins. CAS-nr. sem hér er tilgreint á þó eingöngu við um vatnsfrjár myndir en EB- nr. á hins vegar við um báðar myndir.

<sup>2)</sup> EB- eða CAS-nr. eru yfirleitt ekki tekin með í færslum sem ná til fleiri en þriggja einstakra efna.

Ef efni kemur fyrir í fleiri en einum efnahópi í fylgiskjali 1 og efnahóparnir hafa fengið mismunandi flokkun, skal nota strangari flokkunina fyrir viðkomandi efni.

Dæmi um efni sem kemur fyrir í fleiri en einum efnahópi:

Flokkun í efnahópi I: Rep1;H61 H33 Rep3; H62 Xn;H 20/22  
N;H50-53

Flokkun í efnahópi II: Carc1;H45 T;H23/25 N;H51-53

Flokkun efnisins: Carc1;H45 T;H23/25 Rep1;H61 H33  
Rep3;H62 N;H50-53

- C: Tiltekin lífræn efni eru ýmist á markaði sem ákveðnir ísómerar eða sem blöndur ísómera. Fyrir slík efni er í fylgiskjali 1 við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, stundum notað almennt heiti, t.d.: „xýlenól“. Hér ber að tilgreina á merkimiðanum hvort efnið er (a) tilteknir ísómerar eða (b) blanda ísómera, dæmi:
- a) 2,4-dímetylfenól eða b) xýlenól (blanda ísómera).
- D: Sum efni hafa tilhneigingu til sjálfkrafa fjöllíðunar eða niðurbrots en eru þó venjulega seld í stöðugu formi. Efni þessi eru tilgreind í stöðugu formi. Séu efnin hins vegar á óstöðugu formi skal þess getið á merkimiðanum, t.d. metakrýlat (óstöðugt).
- E: Athugasemdin á við um efni sem flokkast sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi eða hafa skaðleg áhrif á æxlun, flokkur 1 eða flokkur 2, og sem einnig eru flokkuð sem mjög eitruð (Tx), eitruð (T) eða hættuleg heilsu (Xn). Fyrir efni sem fá athugasemd E bætist orðið „einnig“ við setningar H20, H21, H22, H23, H24, H25, H26, H27, H28, H39, H48, H65 og H68, og samtengingar þeirra, t.d. H45-23 „Getur valdið krabbameini. Einnig eitruð við innöndun“, H46-27/28 „Getur valdið arfgengum skaða. Einnig mjög eitruð í snertingu við húð og við inntöku“.
- H: Athugasemdin á við um efni sem ekki hafa verið flokkuð með tilliti til allra áhættuþátta. Hættuflokkun og varnaðarsetningar sem tilgreindar eru í fylgiskjali 1 við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, eiga eingöngu við um þá áhættuþætti sem þar eru tilteknir. Eftir sem áður ber framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila að flokka efnið með tilliti til annarra áhættuþátta og merkja efnið í samræmi við það. Á eingöngu við um tilteknar olíu- og kolaafurðir og tiltekna skráða efnahópa.
- J: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,1%<sup>3)</sup> af benzeni (CAS-nr. 71-43-2).
- K: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,1% af 1,3-bútadíeni (CAS-nr. 106-99-0).
- L: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 3% DMSO úrdrátt, mælt með IP 346.
- M: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,005% af benzó[a]pýreni (CAS-nr. 50-32-8).
- N: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef framleiðsluferli þess er þekkt og hægt er að sýna fram á að hráefnið sé ekki krabbameinsvaldandi.

<sup>3)</sup> %: Hlutfall miðað við þyngd.

- P: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,1% af benzeni (CAS-nr. 71-43-2).
- R: Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvaldandi ef lengdarvegið faldmeðaltal þvermáls trefjanna, að frádreginni tvöfaldri staðalskekkju, er meira en 6 mm.
- S: Ekki er víst að merkja þurfi þetta efni. Sjá fylgiskjal 6 við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, tl. 2.4.-2.7.
- 1: Miðað er við styrk málsins (frumefnisins) sem er reiknaður á grundvelli heildarþyngdar efnablöndunnar. Styrkurinn er tilgreindur sem hundraðshluti miðað við þyngd.
- 3: Styrkur sem er tiltekinn, er hundraðshlutfall þyngdar krómatjóna leystra í vatni miðað við heildarþyngd blöndunnar.
- 6: Efnablöndur, sem innihalda þetta efni, ber að flokka með H67, ef þau uppfylla viðmiðanir í tl. 1.8.a í fylgiskjali 5 við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

28. apríl 2004

Nr. 427

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 705/2001, um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „sem skráðir eru í I. til X. viðauka tilskipunarinnar“ í 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: sem tilgreindir eru í 4. viðbæti XVI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 28. apríl 2004.*

F. h. r.  
**Þórhallur Arason.**

*fán Jón Friðriksson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 655/2003, um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

1. gr.

Í stað orðanna „þegar þjónustan er veitt“ í 1. másl. 16. gr. kemur: við gerð opinberra samninga um vörukaup við þriðja aðila.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 56. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 28. apríl 2004.*

F. h. r.

**Pórhallur Arason.**

*Stefán Jón Friðriksson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1012/2003 um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „20.649.757“ kemur 17.430.000.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „516.243.832“ kemur 435.750.000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 8. gr. og 56. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og tekur þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 28. apríl 2004.*

F. h. r.

**Pórhallur Arason.**

*Stefán Jón Friðriksson.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
420	3. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis, Akureyri .....	1069-1070
421	5. maí	Auglýsing sveitarstjórnar Dalabyggðar um samþykki deiliskipulags .....	1070
422	4. maí	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 9/2004 um fresti lögaðila, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, til að skila framtölum vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2004/2005 á tekjur reikningsársins og eignir í lok þess .....	1070-1071
423	4. maí	Auglýsing um umferð í Vestmannaeyjum .....	1071
424	7. maí	Auglýsing um deiliskipulag við Einholt, Akureyri .....	1071
425	3. maí	Reglugerð um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um fyrirkomulag vöktunar á hámarksgildum varnarefnaleifa í tilteknum matvælum .....	1072-1075
426	5. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eitrefna og hættulegra efna .....	1075-1083
427	28. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 705/2001, um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, með síðari breytingum .....	1083
428	28. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 655/2003, um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu .....	1084
429	28. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1012/2003 um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðavískaftastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup .....	1084



